



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA-ritgerð**  
**í almennri bókmenntafræði**

**„Þegar illska ríkir allt um kring,  
þá verður sérhver leið til bjargar einnig ill“**  
Um *Hamlet* og *Elektru Sófóklesar*

**Ragnildur Helgadóttir**

Leiðbeinandi: Guðni Elísson  
Janúar 2023

**ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD**

**„Þegar illska ríkir allt um kring,  
þá verður sérhver leið til bjargar einnig ill“**  
Um *Hamlet* og *Elektru Sófóklesar*

Ragnhildur Helgadóttir  
281199-2269

Lokaverkefni til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Leiðbeinandi: Guðni Elísson

Íslensku- og menningardeild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Janúar 2023

„Þegar illska ríkir allt um kring, þá verður sérhver leið til bjargar einnig ill“: Um *Hamlet* og *Elektru Sófóklesar*

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Ragnhildur Helgadóttir, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Öll forngrísku harmleikjaskáldin sem okkur eru kunn, Æskýlos, Sófókles og Evripídes, skrifuðu frægar tragedíur hefnd Órestesar, sonar konungshjónanna í Míkenu. Líkindin sem greina má með grísku harmleikjunum og *Hamlet* eftir William Shakespeare verða hér tekin til athugunar en sögurnar hafa marga sameiginlega þræði, bæði hvað varðar stóra drætti og allt niður í minnstu smáatriði.

Fyrst verður sagt frá því hvernig fræðimenn hafa rætt um og reynt skýra þessi líkindi í tímans rás. Sumir hafa talið þau stafa af hreinni tilviljun en aðrir hafa léð máls á því að Shakespeare hafi þekkt til grísku verkanna. Einkum eru það karlhetjurnar tvær, Órestes og Hamlet, sem menn hafa beint sjónum sínum að við samanburðinn; systur Órestesar, Elektru, hefur verið minni gaumur gefinn.

Síðan verður sérstaklega litið á *Hamlet* með tilliti til *Elektru* Sófóklesar. Aðalpersónur verkanna eru um margt líkar, og samanburðurinn ekki síður athyglisverður en samanburðurinn á karlhetjunum tveimur. Skapgerð, orðfæri, aðstæður og afstaða Elektru og Hamlets virðast kallast á. Enn fremur eiga þau í keimlíkum samböndum við foreldra sína, þau hata mæður sínar en upphefja feður sína. Þau þrá að þeim sem myrtu feður þeirra verði refsað en tregðast þó sjálf við að hefna. Leitast verður við að útskýra tiltekin atriði í verki Shakespeares með mögulegum textatengslum við forngrísku verkin en líkindi Hamlets og Elektru geta varpað nýju ljósi á persónuleika hans, samband hans við móður sína og hik hans við að ná fram hefndum á föðurmorðingjanum Kládíusi.

# Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| 1. Inngangur.....  | 5  |
| 2. Staða fræðanna .....                                    | 7  |
| 2.1 Inngangur.....   | 7  |
| 2.2 Rætur Hamlets – gríska hetjan og danski prinsinn ..... | 7  |
| 2.3 Líkindin við grísku verkin – tilviljun ein?.....       | 9  |
| 2.4 Líkindin við grísku verkin – engin tilviljun?.....     | 12 |
| 2.5 Niðurlag .....   | 17 |
| 3. Greining á <i>Hamlet</i> sem Elektrufrásögn .....       | 18 |
| 3.1 Inngangur.....   | 18 |
| 3.2 Aðstæður í Míkenu og á Helsingjaeyri.....              | 20 |
| 3.3 Einræður og orðfæri.....                               | 25 |
| 3.4 Hvatar hefndarinnar .....                              | 27 |
| 3.5 Faðir, móðir og barn .....                             | 29 |
| 3.6 Vægi hiksins í harmleikjunum.....                      | 33 |
| 3.7 Samantekt og ályktanir .....                           | 34 |
| 4. Lokaorð.....  | 36 |
| Heimildaskrá.....  | 38 |

## 1. Inngangur

*Hamlet* eftir William Shakespeare er einn þekktasti harmleikur allra tíma. Verkið var fyrst sett á svið nálægt aldamótunum 1600<sup>1</sup> og hefur notið gríðarlegrar hylli alla tíð síðan. Innra líf danska prinsins virðist mönnum ævinlega hugleikið, en vart er til það mansbarn sem ekki þekkir frasann „to be, or not to be.“ Sagan hefur lifað góðu lífi í ýmsum uppfærslum og aðlögunum en hún hefur verið sett á svið og kvikmynduð ótal sinnum á liðinni öld. Útgáfurnar eru með fjölbreyttasta móti. Sem dæmi má nefna teiknimyndina *Konung ljónanna* (1994) sem er útfærsla á *Hamlet*.<sup>2</sup> Önnur vel heppnuð útfærsla á leikritinu fyrir yngsta aldurshópinn er bendibókin *Titta Hamlet* (2017) eftir Barbro Lindgren og Önnu Höglund. Í henni er söguþráður verksins rakinn í 94 vel völdum orðum og áhrifaríkum myndum. *Hamlet* hefur því talað til fólks á öllum aldri í mörg hundruð ár, enda eitt áhrifaríkasta verk sem nokkurn tíma hefur verið skrifað.

Vinsældir og langlífi verksins eru ekki aðeins vegna orðkynngi Shakespeares eða heillandi söguþráðar – verkið vekur fjölmargar spurningar sem torvelt er að svara, bæði um persónur sínar og manneskjuna í víðara samhengi. Við áhorf á verkinu gætu áhorfendur farið að spyrja sig: Er Hamlet geðveikur? Af hverju hikar hann við að drepa Kládíus? Er vofan ímynduð eða raunveruleg? Á maður að vera eða ekki? Það stendur yfirleitt á svari, þó hafa fræðimenn rýnt í *Hamlet* um aldir. Verkið hefur verið túlkað eftir ýmsum greiningarleiðum og einnig hafa menn reynt rekja að hvaða leyti ýmis einkenni þess eru upprunnin í öðrum verkum og hugmyndum.

Menn hafa lengi rætt þau líkindi sem virðast vera á milli *Hamlets* og forngrísku harmleikjanna um hetjuna Órestes. Tragedíurnar sem fjalla um hefnd Órestesar eru fimm talsins, en greint er frá henni í verkum allra þriggja forngrísku harmleikjaskáldanna. *Sáttafórn* og *Hollvættir* í *Óresteu* Æskýlosar hverfast um þessa hefnd, *Elektra* Sófóklesar og verkin *Elektra* og *Órestes* eftir Evripídes. Ekki er undarlegt að menn hafi leitast við að skoða *Hamlet* með hliðsjón af þessum leikritum en í grunnþáttum sínum eru sögurnar

---

<sup>1</sup> Nákvæm dagsetning er óljós en margt bendir til þess að verkið hafi verið samið og frumflutt einhvern tíma á árunum 1599–1602 (Hibbard, inngangur að *Hamlet*, 3–5).

<sup>2</sup> Einhverjir hafa haldið því fram að *Hamlet* sé sú saga sem oftast hefur verið kvikmynduð á eftir *Óskubusku*. Kvikmyndagerðarmenn hafa leitast við að fanga verkið um danska prinsinn á hvíta tjaldinu frá árinu 1900 í ótal útgáfum. Teiknimyndir upp úr sögunni eru minnst tvær og í einni bíómynd er hann kúreki. Aðlaganirnar teygja anga sína víða en t.d. hafa útgáfur af *Hamlet* verið gerðar á Indlandi, Gana, Japan, Brasilíu, Tyrklandi, Grikklandi og Danmörku (Thompson, „Asta Nielsen and the Mystery of *Hamlet*,“ 215).

mjög líkar. Í grísku sögunum hefur Agamemnon, konungur Míkenu, verið drepinn af konu sinni Klítemnestru og frændanum Ægistosi sem fara eftir það með völd í ríkinu. Verkin snúast um þann siðferðisvanda og fjölskyldumynstur sem spretta upp í kjölfar morðsins. Börn Klítemnestru og Agamemnons, Órestes og Elektra, missa föður sinn og eru full haturs í garð móður sinnar. Syninum er skipað að hefna föður síns sem hann gerir. Þetta eru aðstæður ekki ósvipaðar þeim sem *Hamlet* hverfist um. Í raun mætti kannski segja að verk Shakespeares væri sjálft eins konar aðlögun á tragedíunum um Órestes.

Í þessari ritgerð verða líkindi milli forngrísku harmleikjanna um hefnd Órestesar, einkum *Elektru Sófóklesar*, og *Hamlets* skoðuð. Möguleikinn á áhrifum og textatengslum þar á milli verður kannaður og metinn. Ritgerðin skiptist í tvo meginkafla og efnisskipan er sem hér segir. Í fyrri meginkaflanum er sagt frá stöðunni á fræðasviðinu. Fjallað verður um mörg þau líkindi sem fræðimenn hafa tekið eftir og greint hjá forngrísku leikskáldunum og í *Hamlet*. Skoðað verður hvernig möguleg klassísk áhrif megi greina í verki Shakespeares og hvernig menn hafa reynt að skýra þau. Persónurnar eru um margt svipaðar, aðstæður þeirra og þær hugmyndir sem liggja að baki verkunum. Tregða manna við að skýra hliðstæðurnar með beinum textatengslum verður athuguð, en sú hugmynd að Shakespeare hafi ekki verið nógu menntaður til að hafa lesið eða þekkt til forngrísku höfundanna var lengi mjög útbreidd. Menn hafa verið gjarnir á að telja Shakespeare frumlegan snilling; hann hafi verið lítt lærður og ófær um að sækja efni sitt í jafn erfiðan skáldskap og tragedíurnar eru. Þó hafa hugmyndir um að hann hafi þekkt til latneskra þýðinga á klassískum verkum rutt sér rúms á síðari árum, sem og aukin áhersla á mögulega grískukunnáttu hans.

Í síðari meginkafla ritgerðarinnar verður *Hamlet* greint með hliðsjón af *Elektru Sófóklesar*. Skoðað verður hvernig aðstæður, atgervi og persónuleikar aðalpersónanna tveggja líkjast. Orðfæri þeirra verður borið saman og einnig tengsl þeirra við aðrar persónur verksins. Hamlet er að mörgu leyti mjög kvenlegur og svipar því ekki síður til Elektru en bróður hennar Órestesar. Þó hafa fræðimenn lagt mesta áherslu á að skoða hliðstæðurnar milli karlhetjanna tveggja. Með möguleikann á textatengslum við verk Sófóklesar að vopni verður leitast við að varpa frekara ljósi á atriði í verki Shakespeares sem lengi hafa verið mönnum hugleikin. Líkindi Hamlets við Elektru geta veitt nýja sýn á persónuleika hans, samband hans við móður sína, Geirþrúði, og enn fremur á hik hans við að ná fram hefndum á föðurmorðingjanum Kládíusi.

## 2. Staða fræðanna

### 2.1 Inngangur

Sagan af Órestesi eins og hún birtist í verkum Æskýlosar, Sófóklesar og Evripídesar er um margt lík söguþræði *Hamlets*. Verkin fjalla öll um konungsson sem ratar í þá ógæfu að faðir hans er myrtur af nánnum ættingja. Morðinginn kvænist síðan drottningunni og stelur krúnunni af prinsinum. Hin ólánsama hetja, prinsinn, er síðan hvött af yfirnáttúrlegum öflum og skyldurækni til að hefna föður síns. Nöfnin eru ólík en í grunnþáttum sínum er frásögnin sú sama.<sup>3</sup> Ógjörningur væri að greina frá öllum þeim líkindum sem fræðimenn hafa bent á í áranna rás en sögurnar hafa mjög marga sameiginlega þræði, bæði hvað varðar stóra drætti og niður í minnstu smáatriði. Hér verður dregið á það helsta sem haldið hefur verið fram um líkindi *Hamlets* við forngríska harmleiki og hvernig menn hafa viljað útskýra þau.

### 2.2 Rætur Hamlets – gríska hetjan og danski prinsinn

Hefndin er í grunninn sú sama hjá Órestesi og Hamlet. Fyrir báðum persónunum blasir að drepa frænda sinn sem hefur orðið föður þeirra að bana. Munurinn á myrta kónginum og valdaræningjanum er svipaður í báðum hefðum, faðirinn er göfugur stríðsmaður en ættinginn er svikull ræfill.<sup>4</sup> Hetjurnar fara báðar í útlegð. Hið yfirnáttúrlega grípur inn í atburðarásina, í líki afturgöngu gamla konungsins í *Hamlet* en sem véfrétt Apollons í fornöldinni. Bæði Órestes og Hamlet eru efins um réttmæti þessara yfirnáttúrlegu áhrifa og eiga báðir við geðræn vandamál að stríða.<sup>5</sup>

Einhvern tíma fyrir árið 1589 skrifaði einhver, sennilega Thomas Kyd, leikrit byggt á sögunni af Amlóða. Þessi saga á uppruna sinn að rekja til *Gesta Danorum*, Danasögu sagnaritarans Saxo Grammaticus (um 1150–um 1220). Talið er að Shakespeare hafi unnið upp úr þessu leikriti, sem nú er glatað, þegar hann samdi *Hamlet*. Martin Mueller heldur því fram að höfundur þessa verks, *Ur-Hamlet*, hafi einmitt valið þessa sögu sem viðfangsefni vegna líkinda hennar við frásögnina af Órestesi. Hafi höfundurinn verið nægilega menntaður til að skrifa leikverk hefði frægð þessarar fornu hetju borist

---

<sup>3</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 245.

<sup>4</sup> Anderson, „The Insanity of the Hero – An Intrinsic Detail of the Orestes Vendetta,“ 47–48.

<sup>5</sup> Anderson, „The Insanity of the Hero – An Intrinsic Detail of the Orestes Vendetta,“ 49–50.



honum til eyrna. Ef til vill vissi hann að Evripídes hefði skrifað verk um þetta efni, en *Órestes* var meðal þekktustu grísku harmleikjanna í Evrópu snemma á nýöld.<sup>6</sup> Sumir telja að sagan hafi náð til Skandinavíu og þannig til Saxos. Sagan af Amlóða byggist því að einhverju leyti á forngrísku frásögninni. Myron Stagman telur að Amlóðasagan sé svo lík henni að þær hljóti án nokkurs efa að vera tengdar.<sup>7</sup>

Fræðimenn virðast allir vera á einu máli um að *Hamlet* byggist á sögunni af Amlóða. Ef til vill myndi nægja að bera *Hamlet* saman við þá upprunasögu ef ekki væri fyrir fjölmörg önnur líkindi verksins við forngrísku harmleikina um Órestes sem koma ekki fyrir í sögunni um Amlóða. Sem dæmi má nefna hlutverk Hórasar, en enga slíka persónu er að finna í norrænu sögunni. Hóras er á hinn bóginn mjög líkur Píladesi, vini Órestesar, sem leikur stórt hlutverk í forngrísku harmleikjunum. Þeir eru dyggir vinir aðalsöguhetjunnar og áhugavert er að í báðum hefðum láta þeir í ljós ósk um að deyjja með hetjunni, sem þeim er meinað að gera.<sup>8</sup>

*Hamlet* er undir greinilegum klassískum áhrifum. Sagan gerist í Danmörku en í henni eru ótal vísanir í hugarheim fornaldar. Vísað er í ótal grísk-rómverskar frásagnir, s.s. frásögnina um Níóbe, hefnd Pyrrhosar og keisarann Neró. Hóras segir við lok verksins: „I am more an antique Roman than a Dane“<sup>9</sup> sem enn fremur má sjá á nafni hans, en þessu mætti halda fram um verkið í heild sinni.<sup>10</sup> Því svipar meira til fornaldar en sögu sviðsins Danmerkur. Menn hafa tekið eftir þessu lengi en haft er eftir leikskáldinu Nicholas Rowe (1674–1718), sem talinn er fyrsti fræðilegi ritstjóri verka Shakespeares: „*Hamlet* is founded on much the same tale with the *Electra* of Sophocles.“<sup>11</sup> Við nánari skoðun mætti jafnvel halda því fram að *Hamlet* sæki jafn mikið til grískra goðsagna og sögu Rómaveldis og til yfirlýstrar aðalheimildar sinnar, sögunnar af Amlóða.<sup>12</sup> Enn fremur gæti greiningarlegt vægi frásagnarinnar af Órestesi verið enn meira en Amlóðasögunnar við túlkun á *Hamlet*.<sup>13</sup>

---

<sup>6</sup> Mueller, „Hamlet and the World of Ancient Tragedy,“ 23–24. Það er eftirtektarvert að Mueller virðist ekki beita þessum sömu rökum á Shakespeare, sem hann telur ekki hafa verið nógu menntaðan til að hafa þekkt til sögunnar af Órestesi. Þó höfum við beinan aðgang að *Hamlet* sem svipar merkilega mikið til forngrísku harmleikjanna, en ekki að *Ur-Hamlet* Kyds, sem er týnt.

<sup>7</sup> Stagman, *Shakespeare's Greek Drama Secret*, 129.

<sup>8</sup> Anderson, „The Insanity of the Hero – An Intrinsic Detail of the Orestes Vendetta,“ 47–48.

<sup>9</sup> Shakespeare, *Hamlet*, V, ii, 294.

<sup>10</sup> Showerman, „Orestes and Hamlet: From Myth to Masterpiece,“ 93.

<sup>11</sup> Mueller, „Hamlet and the World of Ancient Tragedy,“ 25.

<sup>12</sup> Showerman, „Orestes and Hamlet: From Myth to Masterpiece,“ 89.

<sup>13</sup> Showerman, „Orestes and Hamlet: From Myth to Masterpiece,“ 104.

### 2.3 Líkindin við grísku verkin – tilviljun ein?

Hér og í næsta kafla verður skoðað hvernig fræðimenn hafa talað um og reynt að útskýra líkindin milli *Hamlets* og forngrískra harmleikja. Þau hafa verið mönnum hugleikin í margar aldir en lengi vel voru þau afskrifuð sem tilviljun vegna þeirrar útbreiddu hugmyndar að Shakespeare hefði annaðhvort ekki haft aðgang að hinum fornu tragedíum eða verið ófær um að lesa þær sökum takmarkaðrar grískukunnáttu. Á seinni tímum hefur afstaða manna breyst eilítið, en hugmyndin um bein textatengsl hefur rutt sér rúms í fræðasamfélaginu á síðustu áratugum. Sé hægt að halda fram áhrifum forngrísku höfundanna á Shakespeare er greinilegt að samanburður milli *Hamlets* og hinna fornu verka er frjór rannsóknaveitvangur sem ef til vill gæti varpað frekara ljósi á eitt frægasta meistaraverk vestrænna bókmennta.

Þetta er síður en svo nýtt viðfangsefni, því að sá fyrsti til að rannsaka almennilega þær hliðstæður sem merkja má milli *Hamlets* og Órestesar var Gilbert Murray, en hann tók þau fyrir í bók sinni *The Classical Tradition in Poetry* frá árinu 1927. Í greiningu sinni dregur hann fram fjölmarga þætti sem eru svipaðir milli persónanna tveggja. Hann skoðar þær í samanburði við söguna af Amlóða, og greinir að hvaða leyti Hamlet líkist Órestesi meira en Amlóða. Hann ber saman þá orðræðu sem persónurnar beita en báðar hetjurnar eru mjög gefnar fyrir einræður, sem og lamandi efasemdir og hik.<sup>14</sup> Murray heldur fram að nánast allt sem Órestes segir hefði getað komið úr munni *Hamlets*. Enn fremur telur hann að engar aðrar persónur harmleikja gætu talað svona nema þær sem hafa orðið fyrir beinum áhrifum frá annaðhvort Órestesi eða Hamlet.<sup>15</sup>

Hliðstæðurnar sem Murray bendir á eru fjölmargar en rannsókn hans einskorðast nánast alveg við þessar ábendingar.<sup>16</sup> Hann kemur með góðar athuganir en vogar sér ekki að draga miklar ályktanir út frá þeim eða fylgja þeim almennilega eftir. Hann nefnir til dæmis að hetjurnar hafi báðar óvininn á valdi sínu en fresti því að drepa hann til að geta

---

<sup>14</sup> Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 210.

<sup>15</sup> Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 212. Þrátt fyrir að nánast beint liggi við að álíta þetta ekki tilviljun vogar Murray sér ekki að halda fram þeim möguleika.

<sup>16</sup> Murray bendir á margar áhugaverðar hliðstæður á milli hetjanna. Til dæmis eru þeir báðir óvenjulega grimmir og ógnandi við kvenpersónur, sem er nokkuð óvenjulegt fyrir tragískar hetjur (Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 216–17). Hetjurnar eru báðar að heiman þegar atburðarásin hefst; Órestes í Fókis en Hamlet í Wittenberg. Hetjurnar fara á skip þar sem óvinir reyna að koma þeim fyrir kattarnef en þeim tekst að sleppa (Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 217). Hetjurnar eiga nána vini sem koma heim með þeim frá útlöndum (Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 221). Hetjurnar eru nátengdar hinum dauðu, gröfum og jarðarförum (Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 218). Þau líkindi sem Murray bendir á eru fleiri, en ekki gefst rúm til að útlista þau öll í þessum fræðilega inngangi.

gert það á grimmilegri hátt síðar. Augnablikið þegar Hamlet frestar því að drepa Kládíus þar sem hann liggur á bæn er lykilsena í verki Shakespeares en veigaminni í *Elektru* Sófóklesar. Murray gerir ekkert úr þessu og afgreiðir það með þeirri skýringu að ekki hafi mátt drepa fólk á sviðinu í forngrísku hefðinni.<sup>17</sup>

Sé þessi sena skoðuð í *Elektru* Sófóklesar birtast enn frekari líkindi sem Murray nefnir ekki. Í henni heimtar Órestes að Ægistos fái engan gálgafrest, hann ætli ekki að hika við að drepa hann. Órestes heimtar að Ægistos gangi á undan sér inn í höllina:

Ægistos: Svo enginn strjúki?

Órestes: Aðeins til að varna því,  
að sjálfur veljir þú þinn bana. Þér skal ei  
við beiskum dauða hlíft. Og öllum yrði bezt  
að illvirkjarnir hlytu skjótan dauðadóm;  
þá veit ég yrðu framin færri níðingsverk.<sup>18</sup>

Áhugavert er að Murray greini ekki hvernig *Hamlet* hverfist um nákvæmlega þessa hugmynd. Hefði danski prinsinn ekki hikað og drepði Kládíus þegar hann fann hann á bæn þá hefðu ekki allir dáið í lok verksins. Þá hefðu talsvert færri níðingsverk verið framin. Pólóníus, Ófelía, Laertes, Gullinstjarni, Rósinkrans, drottningin og Hamlet sjálfur hefðu ekki týnt lífi í kjölfarið.<sup>19</sup>

Murray áttar sig á því að hefðirnar séu merkilega líkar, bæði hvað varðar stærri og smærri atriði. Líkindin séu undraverð í ljósi þess að Hamlet og Órestes eru báðir mesta og frægasta hetjan hvor á sinni gullöld tragedíuskrafa. Hann telur að Shakespeare hafi ekki þekkt grísku höfundana og að það sé útilokað að hann hafi unnið upp úr verkum þeirra.<sup>20</sup> Hann hallast frekar að þeirri skýringu að líkindin megi rekja til sammannlegra, fornra goðsagna sem birtist aftur og aftur án beinna textatengsla í mismunandi menningarheimum.<sup>21</sup>

---

<sup>17</sup> Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 219.

<sup>18</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 1503–7.

<sup>19</sup> Þetta er lítið dæmi um það hvernig Murray fylgir ályktunum sínum ekki eftir. Eflaust væri auðvelt að finna fleiri.

<sup>20</sup> Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 224–226.

<sup>21</sup> Murray, *The Classical Tradition in Poetry*, 237–238. Þrátt fyrir að hugmyndir Murrays séu aldargamlar hafa fræðimenn tekið undir með honum æ síðan. Það er ekki fyrir en Schleiner birtir ályktanir sínar um bein textatengsl milli *Óresteu* Æskýlosar og *Hamlets* árið 1990 sem róttækari hugmyndir um forngrísk

Fornmenntafræðingurinn H.D.F. Kitto dregur fram enn fleiri líkindi milli *Hamlets* og forngrísku harmleikjanna. Hann bendir verkið við hefndartragedíuna sem mörg forngrísk verk falla undir.<sup>22</sup> Honum þykir *Hamlet* vera tragedía í anda Æskýlosar þar sem erfðasyndin og rotnun er allsráðandi og spillir öllu sem fyrir henni verður.<sup>23</sup> Shakespeare sé að gera það sama í *Hamlet* og Æskýlos í *Óresteiunni*, hann skrifi verk sem sýni hvernig illska spilli hinu góða og fagra.<sup>24</sup> Kitto nefnir einnig að svipuð áhersla á rétta greftrun birtist í *Hamlet* og í forngrísku harmleikjunum, en í *Hamlet* gerir Shakespeare mikið úr umræðum manna um þá útför sem Ófelía ætti að fá í ljósi þess að hún svipti sig lífi.<sup>25</sup> John Harvey bendir á svipaða tilhneigingu bæði í *Hamlet* og hjá forngrísku höfundunum en vofan í *Hamlet* segist ekki hafa verið grafin rétt, „Unhouseled, dis-appointed, unaneled“.<sup>26</sup>

Forsjónin leikur svipað hlutverk í *Hamlet* og hún gerir í verkum Æskýlosar og Sófóklesar. Eitthvert afl býr að baki atburðarásinni og sér til þess að Kládíus verði yfirbugaður, þótt það bitni á sakleysingjum í leiðinni.<sup>27</sup> Þrátt fyrir að halda því fram að leikritin grundvallist á nánast því sömu hugmyndum telur Kitto að það ekki endilega vera til marks um að Shakespeare hafi orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af textum forngrísku skáldanna, heldur fáiist þessi harmleikjaskáld við sama efni með sömu aðferðum.<sup>28</sup> Kitto virðist því aðhyllast sömu nálgun og margir aðrir fræðimenn, þ.e. að þetta sé einfaldlega tilviljun; þegar fjallað sé um harmræn viðfangsefni sem þessi sé nánast óumflýjanlegt að það sé gert á svipaðan hátt. Kitto gefur fáar útskýringar á því hvers vegna líkindin milli Shakespeares og forngrísku skáldanna eru eins mikil og raun ber vitni, en hann bendir einnig á það hvernig skáldið meðhöndlar efnið á annan hátt en Grikkirnir.

Leikhúsfraðingurinn Bert O. States segir að samanburðurinn á hefðunum tveim sé áhugaverður þangað til gerð sé tilraun til að ímynda sér hvernig hægt hefði verið að

---

áhrif komu fram á þessu fræðasviði. Rannsóknunum á forngrískum áhrifum á verk Shakespeares hefur undið fram, en einhverjir hafa haldið fram því að Æskýlos kunni að hafa haft áhrif á *Macbeth* (Showerman, „The Rediscovery of Shakespeare’s Greater Greek,“ 169–172).

<sup>22</sup> Kitto, *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*, 263.

<sup>23</sup> Kitto, *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*, 269.

<sup>24</sup> Kitto, *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*, 279.

<sup>25</sup> Kitto, *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*, 283–284.

<sup>26</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, v, 77; og Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 260. Harvey ber þetta saman við Antígónu Sófóklesar sem hverfist að miklu leyti um þessa hugmynd.

<sup>27</sup> Kitto, *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*, 321.

<sup>28</sup> Kitto, *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*, 326.

gera þetta öðruvísi.<sup>29</sup> Fjalli verk á annað borð um son sem hefnir þá hlýtur það að búa yfir ákveðnum grundvallarsögupræði og virkni persóna, t.d. minningu um föðurinn (eða jafnvel draug hans), morðingja hans og börnin sem verða eftir. Sögupráðurinn myndi þá óhjákvæmilega ala af sér ákveðin einkenni, s.s. sorg vegna fráfalls föðursins, hatur í garð morðingja hans og siðferðisvandann sem fælist í hefndinni. Án þessara eiginleika væri ekki hægt að skrifa slík verk.<sup>30</sup> Hann segir þó að möguleikinn sé fyrir hendi að milli þeirra séu bein textatengsl en þau séu ekki nauðsynleg til að útskýra hin sláandi líkindi sem birtast milli verkanna. Honum þykir ályktun Gilberts Murray ekki ósennileg, að vísa megi til þeirra sagnahefða sem hafi verið mönnum hugleikin frá örófi alda til að útskýra líkindin á milli *Hamlets* og forngrískra verka.<sup>31</sup>

Helstu rök fræðimanna fyrir því að Shakespeare hafi ekki verið undir beinum áhrifum frá forngrísku skáldunum eru þau að hann hafi ekki kunnað grísku<sup>32</sup> og að beinar þýðingar úr málinu hafi ekki verið honum aðgengilegar. Þeir íhuga allir möguleikann á að Shakespeare hafi getað orðið fyrir beinum áhrifum frá forngrískum bókmenntum en voga sér aldrei að halda því fram og þetta veiklar rannsóknir þeirra nokkuð. Þori menn ekki að fylgja ályktunum sínum eftir er hætta á að þær verði ekki mjög bitastæðar.

## 2.4 Líkindin við grísku verkin – engin tilviljun?

John Harvey nefnir í grein sinni „A Note on Shakespeare and Sophocles“ að menn hafi verið tregir til að eigna enska leikskáldinu meira en lágmarksþekkingu á klassískum tragedíum. Heimildir skorti um það og fólk hefur verið gjarnt á að vilja halda fram að hann hafi ekki þurft að sækja efni sitt annað, hann hafi verið nægilega frumlegur einn síns liðs. Harvey þykir líklegt að Shakespeare, sem var greindur og vel lesinn, hafi sýnt

---

<sup>29</sup> States, „The Persistence of the Archetype,“ 336.

<sup>30</sup> Þetta gæti ef til vill talist sennilegt ef líkindin væru aðeins yfirborðskennnd. Svipaðar persónur og jafnvel aðstæður væri mögulega hægt að afskrifa sem tilviljun. En þegar orðræða, sálarlíf, tengsl milli persóna og það hvar verkin eiga sér stað eru farin að kallast á í hvívetna verður þetta minna trúleg nálgun. Auðveldlega væri hægt að útfæra samböndin sem birtast í fjölskyldunum á annan hátt en þann sem birtist í hefðunum tveimur, en í þeim báðum eru nánast sömu tengslin milli fjölskyldumeðlima fyrir hendi. Til dæmis er morðinginn náskyldur bæði hinum myrta föður og börnum hans. Mæðgina- og mægðnasamböndin sem koma fyrir eru enn fremur sláandi lík.

<sup>31</sup> States, „The Persistence of the Archetype,“ 337.

<sup>32</sup> Þetta er einkum rakið til ummæla samtímamanns Shakespeares, Bens Jonsons, sem sagði að Shakespeare hefði kunnað litla latínu og enn minni grísku. Jonson var einn fremsti fornmenntafræðingur sem uppi var á tímum skáldsins og þekking Shakespeares á klassískum málum var því talsvert minni en hans (Hunt, *Looking for Hamlet*, 31–32).

klassískum harmleikjum áhuga og hafi þekkt til grískra tragedía. Hann einblínir á þekkingu skáldsins á Sófóklesi en árið 1570 höfðu allir harmleikir forngríska höfundarins verið þýddir oft á latínu. Verk hans voru þekkt og voru meðal annars höfð sem námsefni í menntaskólum á 16. öld.<sup>33</sup>

Harvey dregur fram mörg líkindi milli verka skáldanna tveggja, m.a. milli *Elektru* og *Hamlets*, en betur verður farið út í þá útlíun í 3. kafla. Hann bendir t.d. á hliðstæður milli *Ajax* og *Ópellós* sem og *Lés konungs* og verka Sófóklesar um Ödipús.<sup>34</sup> Harvey segir samanburð á skáldunum tveimur ekki aðeins leiða í ljós fáeinar staðbundnar hliðstæður heldur aragrúa stærri líkinda milli tiltekna verka Shakespeares og *allra* harmleikja Sófóklesar. Hann telur einföldustu útskýringuna á þessu vera að Sófókles hafi verið höfundur sem Shakespeare hafði áhuga og þekkingu á, hvernig svo sem hann hafi aflað sér hennar. Hann vill þó ekki meina að Shakespeare hafi skrifað verk sín eftir sófóklesískri forskrift, en margt innan verkanna er meðhöndlað á annan hátt en forngríska skáldið gerir. Harvey viðurkennir að engin leið sé til að sanna með vissu að þekking Shakespeares á verkum Sófóklesar hafi valdið þessum líkindum, aðeins að þau séu greinilega til staðar.<sup>35</sup>

Louise Schleiner bendir á þá tilhneigingu fræðimanna að hafna beinum áhrifum forngrískra harmleikja á Shakespeare og telja líkindin frekar tilviljun. Hún nefnir að latneskar þýðingar, sem og umfjallanir um fornu tragedíurnar, hafi verið til á tímum Shakespeares. Hún telur að *Óresteia* Æskýlosar og *Órestes* Evripídesar hafi mótað *Hamlet* en Schleiner er sannfærð um að tilteknir þættir í *Hamlet* séu til marks um bein áhrif frá þessum fornu höfundum. Máli sínu til stuðnings nefnir hún senuna í grafreitnum og móðurmorðssenuna sem birtast í *Sáttafórn* Æskýlosar. Hún heldur því fram að svo greinileg líkindi séu á milli grafreitssenanna hjá Shakespeare og Æskýlosi, sem og milli veigamikilla hlutverka Píladesar og Hórasar, að þetta sé varla tilviljun. Kirkjugarðssenann í *Hamlet* eigi sér ekki stað í neinum þekktum upprunasögum né hliðstæðum verksins. Shakespeare hefði getað spunnið hana upp úr sjálfum sér, en hann hafi sjaldnast fundið neitt upp sem tengdist söguþræði í verkum sínum.<sup>36</sup> Schleiner telur að þessi tiltekna sena einkennist af „sama andrúmslofti“ og upphafssenann í *Sáttafórn* Æskýlosar en í senunni

---

<sup>33</sup> Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 259.

<sup>34</sup> Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 263–264.

<sup>35</sup> Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 266–267.

<sup>36</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare’s Writing of *Hamlet*,“ 29–30.

felur Hamlet sig í kirkjugarði með Hóراسi og stígur svo fram þegar hann sér jarðarför Ófelú rétt hjá.<sup>37</sup> Schleiner heldur því fram að í þessari senu sé Hamlet áberandi líkur Órestesi.<sup>38</sup> En gríska hetjan, líkt og danski prinsinn, er snúin heim úr útleið án þess að neinn viti af því. Hún felur sig í grafreit ásamt Píladesi, sér syrgjendur koma til að vitja leiðis Agamemnon og gerir þá vart við sig.

Schleiner telur að Shakespeare sé að endursegja grísku söguna eins og Æskýlos og Evripídes rituðu hana.<sup>39</sup> Hik Hamlets sé fólgið í því að hann vilji drepa konunginn en jafnframt hreinsa móður sína af illsku án þess að þurfa að myrða hana, þvert á það sem Órestes gerði. Hamlet sleppur því við að fremja erkiglaup ólíkt honum.<sup>40</sup> Verkin hafi verið aðgengileg mönnum sem Shakespeare kann að hafa þekkt og ekki sé útilokað að hann hafi heyrt af eða jafnvel haft aðgang að þeim. Shakespeare gæti hæglega hafa lesið þessar latnesku þýðingar á grundvelli þeirrar menntunar sem hann bjó yfir, textinn er ekki mjög flókinn og hann á að hafa lært latínu í skóla.<sup>41</sup> Enn fremur sé vitað að leikskáld á þessum stað og þessum tíma voru að aðlaga grísku tragedíurnar. Leikfélagið The Admiral's Men, sem var starfandi í Lundúnum á sama tíma og Shakespeare, setti upp verkið *Agamemnon* árið 1599 og ekki er útilokað að Shakespeare hafi séð þá uppsetningu og þróað *Hamlet* út frá líkindum sögunnar við *Ur-Hamlet*.<sup>42</sup>

Schleiner telur að hugmyndin um að endurskapa persónu eins og Órestes sem drepur ekki móður sína sé sprottin upp úr *Órestesi* Evripídesar, þar sem hetjan segir (milli þess að vera ofsóttur af refsinornum vegna móðurmorðsins):

Ég hygg að sönnu, hefði ég spurt föður minn,  
hvort móðurvígíð væri án efa skylda mín,  
þá hefði' hann vel og hjartanlega beðið mig

---

<sup>37</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare's Writing of *Hamlet*,“ 39.

<sup>38</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare's Writing of *Hamlet*,“ 42.

<sup>39</sup> Hún undanskilur *Elektru Sófoklesar* því að í henni er engin slík sena í grafreitnum eins og hjá hinum höfundunum. Þrátt fyrir það skilur Órestes í því verki eftir lokk úr hári á gróf föður síns en finnur enga syrgjendur.

<sup>40</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare's Writing of *Hamlet*,“ 44. Ekki eru allir sannfærðir um réttmæti þess sem Schleiner heldur fram. Martin Mueller þykir hún koma með góða punkta en ofnota þær heimildir sem henni standa til boða. (Mueller, „Hamlet and the World of Ancient Tragedy,“ 27).

<sup>41</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare's Writing of *Hamlet*,“ 34.

<sup>42</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare's Writing of *Hamlet*,“ 36. Eins og áður segir er *Ur-Hamlet* hið týnda hefndarverk sem byggt er á sögunni um Amlóða. Schleiner telur að í því hefni sonur föðurmorðs sem framið var af karlkyns ættingja og í verkinu taki móðirin fram hjá. Sonurinn lofi einnig vofu föður síns að drepa frændann.

að láta aldrei sverð mitt særa hennar brjóst...<sup>43</sup>

En í *Hamlet* skipar vofa hins myrta föður syni sínum að þyrma móður sinni ásamt því sem hún heimtar að morðingi hennar hljóti makleg málagjöld.<sup>44</sup>

...Taint not thy mind, nor let thy soul contrive  
Against thy mother aught. Leave her to heaven...<sup>45</sup>

Andrew Werth er líkt og Schleiner ósammála fræðimönnum sem telja Shakespeare ekki hafa þekkt neitt til forngrískra verka.<sup>46</sup> Hann nefnir dæmi um sonnettur sem eru svo líkar forngrísku upprunaefni að erfitt sé að útiloka þann möguleika að að Shakespeare hafi getað lesið ljóðlist á grísku.<sup>47</sup> Werth skoðar marga mismunandi þætti sem benda til grískra áhrifa á Shakespeare og hvernig fræðimenn hafa reynt að útskýra þetta án þess þó að ánafna skáldinu nokkra þekkingu á forngrískum verkum. Hann bendir á að í raun megi merkja kjarna og blæbrigði ritstíls grískra leikrita í öllum skrifum skáldsins, en þeim sem efast um þekkingu Shakespeares á grísku hafi illa tekist að útskýra af hverju þetta gæti verið. En auk þess séu hugmyndir, söguþræðir og hliðstæður sem komu upprunalega frá grískum heimildum ofnar inn í flest verk skáldsins. Hann nefnir að fræðimenn hafi meðal annars tekið eftir sláandi líkindum milli *Elektru* Sófóklesar og *Hamlets* en afskrifað það sem tilviljun.<sup>48</sup> Werth hafnar þeirri hugmynd að greinileg eftiröpun Shakespeares á grískum stíl sé ómeðvituð, líklegra sé að hann hafi þekkt til klassískra heimilda.<sup>49</sup>

Aðeins tveir fræðimenn<sup>50</sup> hafa skoðað í löngu máli hvernig Shakespeare kann að hafa tekið þætti beint upp úr forngrískum verkum á kerfisbundinn hátt.<sup>51</sup> Stagman tekur fyrir líkindin á milli *Hamlets* og *Óresteu* Æskýlosar. Hann veltir því fyrir sér hvernig

---

<sup>43</sup> Evripídes, *Órestes*, l. 288–291.

<sup>44</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare’s Writing of *Hamlet*,“ 37.

<sup>45</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, v, 85–86.

<sup>46</sup> Werth, „Shakespeare’s „Lesse Greek,““ 11.

<sup>47</sup> Werth, „Shakespeare’s „Lesse Greek,““ 15–18.

<sup>48</sup> Werth, „Shakespeare’s „Lesse Greek,““ 22–23. Werth bendir líka á samanburð á *Ödipúsi konungi* við bæði *Óbelló* og *Macbeth*, auk líkinda *Antígónu* við *Hamlet*.

<sup>49</sup> Werth, „Shakespeare’s „Lesse Greek,““ 24.

<sup>50</sup> Myron Stagman í bókinni *Shakespeare’s Greek Drama Secret* (2010) og R.R. Khare í bókinni *Shakespeare, Eugene O’Neill, T.S. Eliot and the Greek Tragedy* (1998).

<sup>51</sup> Showerman, „The Rediscovery of Shakespeare’s Greater Greek,“ 183.



einhver færi að því að sjá *ekki* Órestes í persónu Hamlets. Persónurnar takist á sama hátt á við þá erfiðleika sem þær lendi í og byrði hefndarinnar hvíli svo þungt á þeim að það yfirbugi þær næstum.<sup>52</sup> Stagman gerir það sem fæstir hafa vogað sér að gera, að bera saman textabrot og sýna þau áberandi líkindi sem merkja má milli texta *Hamlets* og *Óresteiunnar*.<sup>53</sup> Hann bendir enn fremur á að persóna Hamlets hafi veigamikla eiginleika sem sjá megi í persónu Elektru, systur Órestesar. Þau séu bitrir og einangraðir karakterar sem séu með hefnd á heilanum, enn fremur séu þau bæði reið yfir lauslæti mæðra sinna.<sup>54</sup>

Jan Kott fékkst líka við samanburð á *Hamlet* og sögunum af Órestesi. Hann bendir á að uppbygging sögunnar í *Hamlet* grundvallist á hindrun, líkt og hjá Grikkjunum. Það sé hik Hamlets sem skapi spennuna í verkinu. Hann sé sjálfur of veikburða til að bera atburðarásina uppi. Þetta sé þó ekki aðeins vegna persónuleika hans heldur einnig þeirra aðstæðna sem hann er í. Í sögunni af Órestesi sé það persóna systurinnar Elektru sem skapi þetta hik, Órestes getur ekki hefnt strax og það er Elektra sem þjónar hlutverki þess að fresta því innan verkanna.<sup>55</sup> Kott segir að í fyrstu fjórum þáttum *Hamlets* sé Hamlet staddur í aðstæðum Elektru, þ.e. upp á föðurmorðingja sinn kominn og sé ógnað með útleð og dauða. Hvorugt þeirra taki í sátt heim þar sem valdaræningi og morðingi er konungur. Hamlet eigi einnig í svipuðum samböndum við fólkið í kringum sig og hún. Mæður þeirra beggja heimti að þau gleymi hinum látna föður sem þau neiti að gera. Hamlet taki svo við hlutverki Órestesar við lok fyrstu senu fimmta þáttar, þegar hann kemur heim úr útleð og verður vitni að útför Ófélú.<sup>56</sup>

Margir fræðimenn hafa minnst á þann svip sem er með Hamlet og Elektru auk þeirra hliðstæðna sem dregnar eru fram á milli Hamlets og Órestesar. Þó mætti ef til vill halda fram að Hamlet minni alveg jafn mikið á Elektru og bróður hennar, en systkinin eru um margt mjög svipuð. Í rauninni er Hamlet mestallt verkið í svipuðum aðstæðum og Elektra, frekar en í stöðu Órestesar, en í öllum forngrísku verkunum gengur Órestes tafarlaust til verks við að hefna. Afstaða þeirra og aðstæður eru nánast þær sömu. Þau hata mæður sínar og eru upptekin af því að binda enda á það saurlífi sem einkenni hjónaband þeirra. Menn gefa þó þessari nálgun töluvert minni gaum en hliðstæðunum

---

<sup>52</sup> Stagman, *Shakespeare's Greek Drama Secret*, 136.

<sup>53</sup> Stagman notar nálestur og skoðar hvernig textarnir nota svipuð orð og ræðu í greiningum sínum.

<sup>54</sup> Stagman, *Shakespeare's Greek Drama Secret*, 146.

<sup>55</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 253–254.

<sup>56</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 254–255.

milli Órestesar og Hamlets sem virðist vera meginþráður í flestri fræðilegri túlkun í þessa veru á *Hamlet* og forngrísku harmleikjunum. Þetta þykir mér vannýtt rannsóknarefni á fræðasviði sem býður upp á samanburð af ýmsu tagi þótt fátt hafi þar hingað til þótt fast í hendi.

## 2.5 Niðurlag

Fræðimenn virðast allir sammála um það að líkindin á milli forngrísku harmleikjanna um Órestes og *Hamlets* Shakespeares séu sláandi. Þeir virðast þó vera gjarnir á að einskorða rannsóknir sínar við það að benda þau án þess að leyfa sér að draga af þeim neinar ályktanir. Oft vantar að áhugaverðum hugmyndum og hliðstæðum sé almennilega fylgt eftir. Sú ríkjandi hugmynd að ekki sé hægt að álykta um textatengsl hefur verið hindrun í því að líkindin séu krufin til mergjar. Fræðimennirnir, líkt og Hamlet, hafa verið hrjáðir lamandi efasemdum og hiki í árána rás. Textatengsl eða ekki textatengsl, þar er efinn. Beint liggur við að danski prinsinn taki af skarið og geri það sem draugur fortíðar segir honum. Hann ber virðingu fyrir minningu vofunnar en virðir fyrir mæli hennar að vissu leyti að vettugi. Eins vita fræðimenn af hinum fornu skáldum og hvaða upplýsingar megi læra af þeim. Þeir tregðast þó við að halda því fram að þær eigi beinlínis erindi við verk Shakespeares. Slíkt hik telst þó ekki eins gott stílbragð í akademíu og á leiksviðinu og á meðan standa draugar forngrísku skáldanna þöglir og horfa ef til vill með hryllingi á.

### 3. Greining á *Hamlet* sem Elektrufrásögn

#### 3.1 Inngangur

Í umræðu fræðimanna um möguleg textatengsl á milli leikrits Shakespeares og forngrísku harmleikjanna um Órestes hefur verið í forgrunni að skoða hliðstæðurnar sem birtast milli karlhetjanna tveggja. Þetta er ekki að ástæðulausu en eins og greint hefur verið frá eru þessi líkindi fjölmörg og sláandi. Í *Hamlet* er engin hliðstæða við systur Órestesar, Elektru, því að hann er einkabarn. Fræðimenn hafa þó tekið eftir því að nokkur svipur er með persónu Elektru og Hamlets, en að mörgu leyti minnir danski prinsinn meira á hana en Órestes bróður hennar. Elektra birtist í útgáfum allra forngrísku harmleikjaskáldanna á sögunni af Órestesi en hér verður einkum litið á hvernig Hamlet svipar til titilpersónunnar í *Elektru Sófóklesar*.

Í samanburði á verkum Shakespeares og Sófóklesar bendir John Harvey á það að líkindin milli skáldanna tveggja verði áberandi þegar athyglinni er beint að þeim tragísku persónuleikum þau hafa áhuga á. Sófókles skrifaði gjarnan verk um syrgjandi prinsu eða prinsessur sem höfðu misst stöðu sína. Bæði *Hamlet* og *Elektra* Sófóklesar hverfast um unga manneskju sem er af háum ættum en hefur verið svipt hlutverki sínu. Hún greinist frá öðrum við hirð valdaræningjans vegna þeirrar yfirdrifnu sorgar sem hún sýnir af sér. Persónan sýnir göfugra eðli og meiri skyldurækni en nokkur annar við hirðina, en hún er jafnframt upptekin af óhugnanlegum hugsunum, ógeði og haldin lamandi ofsareiði.<sup>57</sup>

Persóna Elektru hefur svo sterka nærveru að frásagnarfléttunni er nánast einvörðungu miðlað með viðbrögðum hennar við atburðum verksins. Aðeins staðfesta hennar og persónuleiki geta ógnað óumdeilanlegum völdum móður hennar, Klítemnestru.<sup>58</sup> Ekki er erfitt að yfirfæra þessa lýsingu á aðalpersónuna í *Hamlet* sem hverfist að mestu leyti um áhrif viðburðanna á hana sjálfa. Hamlet er sterkur karakter sem ógnar valdi Kládíusar en aðrar persónur verksins beygja sig undir vald konungsins.

Hamlet og Elektra eru kynnt til sögu á mjög svipaðan hátt. Í verki Sófóklesar sjá áhorfendur Elektru fyrst þar sem hún barmar sér yfir örlögum sínum og syrgir föður sinn

---

<sup>57</sup> Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 261. Einhverjir gætu haldið því fram að hegðun persónanna sé óumflýjanlega svona sökum þeirra aðstæðna sem þær lenda í. Það er þó ekki víst, en Elektra á t.d. systurina Krísótemisi sem þrátt fyrir að lenda í því sama beygir sig undir nýtt hlutskipti sitt og sættir sig við það. Elektra neitar að gleyma, en hún segir sjálf: „Hver mætti gleyma níðingsverki? Eðli vort bannar“ (Sófókles, *Elektra*, l. 236–237).

<sup>58</sup> Segal, „The *Electra* of Sophocles,“ 483.

ákaft. „Í heillasnaudu húsi um dimma nótt á hörðum bálk ég græt minn vesalings föður...“.<sup>59</sup> Hamlet kemur okkur eins fyrir sjónir, en í upphafi verksins er prinsinn harmi lostinn yfir dauða föður síns. Hann gengur um í svörtu og er dapur og niðurlátur. Orðfæri og hegðun Elektru og Hamlets eru keimlík. Þau sýna af sér ofsafengna sorg og lýsa með einræðum þeim hörmungum sem yfir hafa dunið. Viðbrögð annarra persóna við þessum harmi eru einnig svipuð, en fólkíð sem stendur þeim næst hvetur þau til að sætta sig við hið liðna.

Samkvæmt Charles Paul Segal er mikilfengleiki hinnar sófóklesísku hetju fólgin í getu hennar að einskorða sig ekki við hefðbundnar hugmyndir um takmarkanir mannglegrar hegðunar en þessi hæfileiki er líka uppspretta mikillar þjáningar. Harmleikjahetjum Sófóklesar tekst aldrei að losa sig undan aðstæðum sínum og í því liggur harmur þeirra. Þær ná að vinna bug á þrautum sínum með einskærum viljastyrk, en eru jafnframt undirokaðar af vægðarleysi heimsins, eða þeim krafti sem eðli þeirra býr yfir. Elektra er hvorttveggja sigursæl og yfirbuguð en harmur hennar er flókin blanda af sjálfstæði og nauð, viljastyrk og kúgun.<sup>60</sup> Þessar andstæður má nota til þess að skýra persónu Hamlets, en hann er nánast borinn ofurliði af hryllilegu hlutskipti sínu. Lýsingar Segals á Elektru sem sófóklesískri hetju er því auðvelt að yfirfæra á Hamlet en þetta verður enn meira áberandi þegar haft er í huga að aðstæður persónanna eru þær sömu.

Í forngrísku harmleikjahefðinni má sjá nokkuð stöðuga staðalímynd kvenna. Þær eru iðulega tilfinningasamar, óstöðugar, meinfýsnar, hræddar og sýna af sér of mikla sorg. Það er þó einkum hömlulaust tilfinningalíf þeirra sem veldur því að þær verða hálftrylltar.<sup>61</sup> Moss nefnir að Elektra Sófóklesar, sem er upptekin af fórnarlambsrögum sínum, afhjúpi dæmigerða kvenlega hegðun með því að helga sig sorg sinni, sjálfsvorkunn og vonleysi. Hún eyði mikilli orku í að barma sér yfir hlutskipti sínu og hreyta skammaryrðum í móður sína en taki svo á sig karllægari eiginleika sem gera henni kleift að vinna bug á morðingjum föður síns.<sup>62</sup> Sjá má þessa erkitýpísku kvenlegu eiginleika forngrísku hefðarinnar í Hamlet. Þá má einnig merkja kvenleg sérkenni Elektru í danska prinsinum. Hamlet er tilfinningasamur, meinfýsinn og sýnir af sér of mikla sorg. Hann verður enn fremur nánast geðveikur sem ber vott um hömlulaust tilfinningalíf hans.

---

<sup>59</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 92–93.

<sup>60</sup> Segal, „The *Electra* of Sophocles,“ 484.

<sup>61</sup> Moss, „The Critique of the Female Stereotype in Greek Tragedy,“ 516–517.

<sup>62</sup> Moss, „The Critique of the Female Stereotype in Greek Tragedy,“ 528.

Honum tekst þó, líkt og Elektru, að taka á sig karllægara hlutverk og láta hefndina ganga fram í lokin.

Í þessum kafla verður litið á líkindi og hliðstæður milli Elektru og Hamlets. Rakið verður hvernig aðstæðum þeirra og atgervi, tengslum við aðrar persónur og orðfæris svipar saman. Enn fremur verður skoðað hvernig möguleikinn á því að Hamlet hafi orðið fyrir áhrifum frá Elektru gæti skýrt betur tiltekin atriði í verki Shakespeares sem hafa verið mönnum hugleikin lengi.

### 3.2 Aðstæður í Míkenu og á Helsingjaeyri

Aðstæður Elektru og Órestesar eru um margt keimlíkar því sem Hamlet þarf að ganga í gegnum. Þau eru börn konungs sem er myrtur af konu sinni og nánum ættingja, morðingjarnir ganga síðan í hjónaband og taka völdin í því sem áður var ríki hins myrta. Elektra sendir Órestes í kjölfarið burt til að forða honum frá móður þeirra og hann býr því ekki hjá föðurmorðingjum sínum. Á endanum snýr hann þó aftur og hefnir föður síns. Elektra er hins vegar búsett í höllinni hjá Klítemnestru í mörg ár eftir morð Agamemmons og þarf að velta fyrir sér nýju hlutskipti sínu. Eftir að faðir Elektru er myrtur missir hún þá stöðu sem hún hafði í ríki hans og er sett í hræðilegar aðstæður þar sem hún þarf að velja milli þess að setta sig við morðið sem móðir hennar framdi eða leita hefnda með þeim afleiðingum sem gætu fylgt þeirri ákvörðun.<sup>63</sup>

Ekki er erfitt að sjá helstu spurninguna sem Hamlet varpar fram í þessum aðstæðum. „To be, or not to be—that is the question: /Whether ’tis nobler in the mind to suffer /The slings and arrows of outrageous fortune, /Or to take arms against a sea of troubles, /And by opposing end them?“<sup>64</sup> Setningin er ein frægasta tilvitnun heimsbókmenntanna; hvort skal aðhafast ekkert og beygja sig gjörsamlega undir aðstæður sínar eða vopnbúast gegn þeim? Þetta hefur verið leikskáldum hugleikið um aldir en bæði Sófókles og Shakespeare gera tilraun til að takast á við þennan vanda.

Leikrit Shakespeares hverfist um sömu aðstæður og forngrísku harmleikirnir. Þar hefur hinu siðferðilega jafnvægi líka verið raskað. Faðir Hamlets hefur verið myrtur, föðurbróðirinn gengið að eiga ekkjuna og tekið við völdum í Danmörku. Í *Hamlet* er móðir aðalpersónunnar ekki samsek að morðinu en hún gerist þó sek um sífjaspell og

---

<sup>63</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 252.

<sup>64</sup> Shakespeare, *Hamlet*, III, i, 57–61.

gleymir gamla konunginum furðufljótt. Hamlet horfir upp á þetta gerast og er staddur innan hallarinnar líkt og Elektra. Hann hefur verið sviptur réttindum sínum, er upp á morðingja föður síns kominn og honum er líkt og Elektru ógnað með dauða eða útleð. Í *Elektru* segir systirin, Krísótemis: „Þau ætla sér, ef ekki stöðvar þú þitt víl, að senda þig burt þangað sem þú aldrei færð að líta dagsins ljós; í klefa djúpt í jörð...“.<sup>65</sup> Í *Hamlet* blasa svipaðar aðstæður við aðalpersónunni en Kládíus gerir tilraun til að koma prinsinum fyrir kattarnef þegar hann sendir hann til Englands.

Líkindin milli persónanna tveggja má bæði merkja í ytri aðstæðum og sálarlífi þeirra.<sup>66</sup> Stagman bendir á að Hamlet og Elektra séu einangraðar persónur, auk þess sem þau eru upptekin af hefnd og uppfull biturðar og gremju.<sup>67</sup> Í hirðunum tveimur er varla nokkur sem skilur þau og tekur sömu afstöðu og þau.<sup>68</sup> Þetta ergir þau bæði og kyndir undir bræði þeirra því að fólkið í kringum þau virðist ekki gera sér grein fyrir hryllingi aðstæðnanna. Um leið einangrast þau frá vinum sínum og vandamönnum og virðast standa ein andspænis valdaræningjunum.

Hamlet og Elektra hafa svipaða afstöðu til lífsins. Aðstæður þeirra hafa nánast sömu sálfræðilegu áhrif á þau bæði. Þau eru á valdi ofsafenginnar sorgar sem virðist eiga hug þeirra allan. Umhverfi þeirra vekur með þeim líkamlegan viðbjóð. Elektra heldur því fram að hennar rétti staður sé þar sem hún geti stundað það að kvelja föðurmorðingja sína, en þetta mætti yfirfæra á Hamlet líka.<sup>69</sup> Líf þeirra hefur orðið þeim óbærilegt og hefur tapað nánast allri merkingu í kjölfar föðurvígsins. Þetta hefur í för með sér að þau láta bæði í ljós von um að deyja.

Í *Elektru* berast fregnir af dauða Órestesar, sem þó er enn á lífi. Þetta er svo að hann geti snúið heim og hefnt föður síns án þess að neinn verði þess var. Þegar Elektra heyrir af þessu meinta fráfalli bróður síns og telur horfinn möguleikann á því að hann komi heim til að drepa valdaræningjana lætur hún í ljós örvæntingu sína yfir örlögum sínum. Hún segir:

---

<sup>65</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 254 og Sófókles, *Elektra*, l. 379–381.

<sup>66</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 254.

<sup>67</sup> Stagman, *Shakespeare's Greek Drama Secret*, 148.

<sup>68</sup> Þó hafa bæði kórinn í *Elektru* og Hóras vinur Hamlets samúð og einhvern skilning á hlutskipti og afstöðu þeirra. Til dæmis hjálpar Hóras prinsinum að vakta viðbrögð Kládíusar við leikverkinu sem sett er upp í *Hamlet*. En bæði kórinn og vinur Hamlets standa nokkuð utan atburðarásarinnar, Hóras tekur ekki beinan þátt í hefndinni.

<sup>69</sup> Paduano, „Electras and Hamlet,“ 45.

Hvert get ég flúið, ég sem nú er orðin ein?  
Rænd bæði þér og föður mínum! Mér er nú  
sá kostur einn að lifa í ánauð enn sem fyrr  
hjá þeim sem mest ég hlýt að hata, morðingjum  
míns föður. Telst það réttlátt? Ónei, aldrei skal  
ég stíga mínum fæti á þeirra þröskuld meir;  
hér leggst ég heldur utan dyra og örmagnast,  
því frammar á ég engan vin; víst mætti þá  
hver sem hér inni dvelur, koma og drepa mig,  
ef hatrið er svo hamslaust, því að dauðinn skal  
mér ljúfur verða; lífið er mér aðeins kvöl.<sup>70</sup>

Sama ráðleysi og afstöðu gagnvart lífinu má merkja í Hamlet. Hann lætur í ljós þá hugmynd að lífið sé honum eintóm þjáning og tjáir ítrekað þann vilja sinn að fá að deyja. Þetta birtist strax í einræðu hans í upphafi verksins (sem og í samræðum við aðrar persónur eftir því sem á líður):

O that this too too sullied flesh would melt,  
Thaw and resolve itself into a dew,  
Or that the Everlasting had not fixed  
His canon 'gainst self-slaughter. O God! O God!  
How weary, stale, flat, and unprofitable  
Seem to me all the uses of this world!<sup>71</sup>

Í öðrum þætti segir hann við Pólóníus:

You cannot, sir, take from me anything that I will more  
willingly part withal—except my life, except my  
life, except my life.<sup>72</sup>

---

<sup>70</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 812–822.

<sup>71</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 129–134.

<sup>72</sup> Shakespeare, *Hamlet*, II, ii, 214–216.

Elektra heldur því fram að það séu engin önnur viðbrögð viðeigandi við aðstæðunum en þau sem hún sýnir af sér: „...hvernig gæti nokkur kynstór kona séð sín föðurhús af plágu lostin, líkt og ég hef séð þau spillast sérhvern dag og hverja nótt, án þess að bera harm á sama hátt og ég?“<sup>73</sup> Þessi orð gætu verið beint úr munni Hamlets, en málfar hans einkennist af því að tala um spillingu og rotnun sem umkringir hann, sbr. 3.3 hér á eftir. Hann lýsir heiminum með þessum orðum: „’Tis an unweeded garden, That grows to seed; things rank and gross in nature...“<sup>74</sup> Fólkið í kringum Hamlet á erfitt með að skilja af hverju hann sýnir af sér svo mikla sorg en hann segir sjálfur að sú sorg sem aðrir sjái í honum nái ekki einu sinni að tjá þann harm sem hann ber í brjósti:

’Tis not alone my inky cloak, good mother,  
Nor customary suits of solemn black,  
Nor windy suspiration of forced breath,  
No, nor the fruitful river in the eye,  
Nor the dejected havior of the visage,  
Together with all forms, moods, shows of grief,  
That can denote me truly. These indeed seem,  
For they are actions that a man might play;  
But I have that within which passeth show—  
These but the trappings and the suits of woe.<sup>75</sup>

Enginn í verkunum tekur undir þessa einstrengingslegu afstöðu Elektru og Hamlets. Enn fremur virðist fólkið í kringum þau gagngert biðja þau um að láta af þessari hegðun. Í *Elektru* hvetur kórinn Elektru að láta af sorg sinni og bendir á að það bæti hlutskipti hennar ekki að sýna af sér slíka hryggð: „Sérðu ekki það bitra böll sem býr í sjálfskaparvíti þínu? Þitt sollna geð eykur harmi á harm...“<sup>76</sup> Hún fái ekki föður sinn aftur og gæti allt eins sætt sig við það sem liðið er: „Þú kallar hann ekki frá Akkerons strönd, engu fær bæn þín né grátur haggað; [...] Hví berðu þá lengur byrðina þungu af

---

<sup>73</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 257–260.

<sup>74</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 135–136.

<sup>75</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 77–86.

<sup>76</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 215–217.



böli hins liðna?<sup>77</sup> Þessa sömu afstöðu má sjá í orðum Klítemnestru en Elektra hefur eftir henni að þetta sé skammarleg hegðun, hún sé ekki ein um það að hafa misst föður: „Óguðleg er hegðun þín! Ert þú alls ein, þitt ræfils gauð, sem föður átt á bak að sjá og hýsir harm?“<sup>78</sup>

Þetta minnir á það hvernig Kládíus og Geirþrúður hvetja Hamlet að láta af sorg sinni í verki Shakespeares. Geirþrúður segir við Hamlet: „Good Hamlet, cast thy nightly colour off [...] Do not for ever with thy veiled lids / Seek for thy noble father in the dust.“<sup>79</sup> Kládíus tekur undir með henni og svipar til Klítemnestru þegar hann minnir Hamlet á að hann sé ekki einn um það að hafa misst föður. Það sé eðlilegur gangur lífsins sem beri að sætta sig við. Tónninn er annar í ræðu Kládíusar; ólíkt Klítemnestru er hann ekki að skamma Hamlet, en hann nefnir, líkt og hún, að afstaða sonarins sé óguðleg:<sup>80</sup> „But you must know your father lost a father; / That father lost, lost his; and the survivor bound / In filial obligation for some term / To do obsequious sorrow. But to persever / In obstinate condolment is a course / Of impious stubbornness ...“<sup>81</sup>

Bæði Elektra og Hamlet eru því stödd í sömu aðstæðunum. Þetta hlutskipti þeirra vekur sams konar viðbrögð með þeim báðum sem og með þeim sem standa þeim nærri. Elektra er beðin um að gleyma en getur það ekki. Minni hennar er til marks um nærveru fortíðarinnar og forspá þess sem koma skal.<sup>82</sup> Þrátt fyrir að minningin um föðurinn leiti stöðugt á hugann getur hún ekki hefnt sjálf. Það er hlutverk sonarins, ekki dótturinnar, að framkvæma hefndina. Sú togstreita sem býr innra með henni er um margt lík hlutskipti Hamlets en hann syrgir og minnst föður síns. Þau vilja bæði ná sér niðri á morðingjum feðra sinna en eru ófær um það. Eftir fund sinn við vofu föðurins segir Hamlet að hann muni þurrka allt annað úr minni sér en það sem hún sagði við hann. Hann tekur þó ekki af skarið fyrr en seint í verkinu en það er þessi tenging við afturgenginn föðurinn og fortíðina sem tryggir að Hamlet nær sér niðri á Kládíusi á endanum.

---

<sup>77</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 137–138, 142–143.

<sup>78</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 285–287.

<sup>79</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 68, 70–71. Kott bendir á að þessar línur svipi til l. 285–287 í *Elektru* (Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 254).

<sup>80</sup> Stagman, *Shakespeare's Greek Drama Secret*, 147. Stagman bendir á að bæði Kládíus og Klítemnestra lýsi hegðun barnanna sem óguðlegri.

<sup>81</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 89–94; John Harvey bendir á að línur 137–143 í *Elektru* séu líkar þessum brotum úr *Hamlet* á bls. 262 í „A Note on Shakespeare and Sophocles.“

<sup>82</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 253.

Bæði Elektra og Hamlet neita að setta sig við aðstæður sínar og samþykkja ekki heim þar sem valdaræningi og morðingi er við völd og sængar hjá móður þeirra. Við þeim blasa þá tveir kostir; að fyrirfara sér eða ná fram hefndum. Þessu hlutskipti er þröngvað upp á þau bæði, en það eru ytri atburðir sem þau hafa enga stjórn á sem knýja þau til að velja. Siðferðislögmál eru brotin og við þeim blasir að rétta þau af eða yfirgefa heiminn. Þetta er val sem Elektra er ekki fær um að takast á við og Hamlet ekki heldur í fyrstu fjórum þáttunum. Það vofir yfir þeim en þau forðast að taka ákvörðun.<sup>83</sup> Elektra segir: „Þegar illska ríkir allt um kring, þá verður sérhver leið til bjargar einnig ill.“<sup>84</sup> Þetta má auðveldlega yfirfæra á Hamlet. Í Danmörku er illskan svo alltumlykjandi að möguleikarnir sem við Hamlet blasa eru hver öðrum hræðilegri. Hann gæti sætt sig við hlutskipti sitt, líkt og fólkið í kringum hann hvetur hann til að gera, en það er honum óbærilegt. Hann verður því að aðhafast ekkert, fyrirfara sér eða gerast morðingi sjálfur. Allir kostirnir eru slæmir rétt eins og sérhver leið til bjargar er ill. Eða eins og Hamlet segir: „O cursed spite, that ever I was born to set it right!“<sup>85</sup>

Segal telur að djúpar tilfinningar Elektru, nán tengsl hennar við föður sinn og hollusta hennar við hugmyndina um réttlæti séu birtingarmyndir mjög kvenlegra eiginleika í henni.<sup>86</sup> Við sjáum að bæði afstaða og atgervi Hamlets líkist hennar. Jafnvel mætti halda því fram að Hamlet sé nánast kvenlegur. Margt í verkinu bendir til þess en Kládíus lýsir sorg Hamlets sem ókarlmannlegri: „’Tis **unmanly** grief. It shows a will most incorrect to heaven, A heart unfortified, a mind impatient, An understanding simple and unschooled.“<sup>87</sup>

### 3.3 Einræður og orðfæri

Hamlet er gefinn fyrir einræður en þær eru einhverjar þær frægustu í sögu bókmenntanna. Í engu öðru verki Shakespeares leika einræður jafn stórt hlutverk. Halda má því fram að einræður birtist líka hjá Elektru Sófóklesar, en Kott telur að þrátt fyrir að hún sé að tala við kórinn sé persónan í raun að tala við sjálfa sig. Kott bendir á að ræðu hennar þegar hún heyrir af meintu fráfalli Órestesar svipi til frægustu einræðna Hamlets í tón,

---

<sup>83</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 255–256. Kott bendir á báðar tilvitnanir í efnisgreininni og nefnir að þeim svipi hvorri til annarrar.

<sup>84</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 308–309.

<sup>85</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, v, 196–197.

<sup>86</sup> Segal, „The *Electra* of Sophocles,“ 539.

<sup>87</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 94–97. Leturbreyting mín.

viðfangsefni og jafnvel stíl.<sup>88</sup> Í því broti sést skýrt örvænting hennar yfir örlögum sínum. Dauðinn er henni fýsilegur kostur því að hún telur að fokið sé í öll skjól. Það er engin ein ræða Hamlets þar sem hann talar svona en í þeim sjö miklu einræðum sem hann flytur í verkinu fjallar hann um svipuð efni: Ráðleysið sem aðstæður hans valda og það hvernig dauðinn er fýsileg lausn út úr þeim. Hatur út í ættingja sína, dauðaþrá og þrúgandi innilokunarkennd einkenna tungumál hans rétt eins og Elektru.

Elektra og Hamlet velta ekki aðeins fyrir sér sömu hlutunum í einræðum sínum, heldur vísa í svipaðar sögur máli sínu til stuðnings, t.d. frásögnina um Níóbe en Artemis og Apollon drápu öll fjórtán börn hennar. Hin harmi slegna móðir grét börn sín alla tíð síðan og varð að lokum að steini.<sup>89</sup> Elektra dásamar hana fyrir óstöðvandi grát sinn um leið og hún ræðir hvernig hún sjálf geti ekki gleymt hræðilegu fráfalli föður síns: „Sljór væri sá sem gæti gleymt grimmilegum föður dauða. Ég vaki með fugli Seifs, er syngur sorgarljóð hverja nótt örvæntingunni ofurseldur. Ó, Níóbe, hylla hlýt ég þig, sem hörðum læðingi steinsins fjötruð grætur um eilífð alla.“<sup>90</sup> Hamlet vísar líka til þessarar goðsagnar, en í tengslum við móður sína, snemma í fyrsta þætti verksins. Hann heldur því fram að Geirþrúður hafi grátið rétt eins og Níóbe en síðan gifst föðurbróður hans og látið af sorg sinni of snemma.<sup>91</sup>

A little month, or ere those shoes were old  
With which she followed my poor father's body,  
Like Niobe, all tears, why she, even she—  
O, God, a beast that wants discourse of reason  
Would have mourned longer—married with my uncle,  
My father's brother...<sup>92</sup>

Bæði Hamlet og Elektra sitja föst. Elektra á sér engrar undankomu auðið og Hamlet er meinað af konungshjónunum að fara aftur til náms í Wittenberg. Þau nota

---

<sup>88</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 256. Þessi tiltekna ræða var skoðuð í kafla 3.2.

<sup>89</sup> Hard, *The Routledge Handbook of Greek Mythology*, 157. Mismunandi sögum fer af fjölda barnanna, en þau eru tólf, fjórtán eða tuttugu.

<sup>90</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 144–152.

<sup>91</sup> Paduano, „Electras and Hamlet,“ 44. Paduano nefnir að Hamlet minnst á Níóbe í tengslum við móður sína og að Elektra upphefji þessa sömu persónu fyrir óslökkvandi sorg sína.

<sup>92</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 147–152.

svipaða líkingu til að lýsa þessum aðstæðum sínum, því að þau líkja sér við fanga í fangelsi. Hamlet segir: „Denmark’s a prison. [...] A goodly one, in which there are many confines, wards, and dungeons, Denmark being one o’th’ worst.“<sup>93</sup> Elektra talar um móður sína sem fangavörð: „Enda lít ég fyrr á þig sem fangavörð en móður...“<sup>94</sup>

Í greiningu sinni á *Elektru* bendir Segal á að Elektra kalli Agamemnon upp úr jörðinni til að hjálpa þeim að hefna.<sup>95</sup> Hún álíti jörðina ekki vera uppsprettu lífsins heldur frekar tómið þar sem hinir dauðu leysast upp.<sup>96</sup> Sú sýn liggur ekki langt frá hugmyndum Hamlets en orðræða hans einkennist af tali um rotnun og dauða. Harvey bendir réttilega á að bæði Hamlet og Elektra séu upptekin af óhugnanlegum hugsunum og ógeði. Þau eru auk þess með dauðann á heilanum, bæði það að aðrir skuli deyja sem og þau sjálf. Orðfæri þeirra er því líkt, sem og þau hughrif sem það vekur með áhorfendum.<sup>97</sup>

### 3.4 Hvatar hefndarinnar

Hamlet og Elektra eru meðvituð um nauðsyn þess að feðra þeirra sé hefnt. Þau aðhafast þó lítið sem ekkert þrátt fyrir að íhuga bæði að taka af skarið og drepa föðurmorðingjana. Eftir að Elektra heyrir af meintum dauða Órestesar reynir hún að hvetja systur sína, Krísótemisi, að hjálpa sér að koma Klítemnestru og Ægistosi fyrir kattarnef. Systirin tekur þó dræmt í þessar hugmyndir og Elektra gefst upp. Hamlet hefur ekki þá afsökun Elektru að vera kona. Hann þráir að hefna föður síns líkt og hún en verknaðurinn vex honum í augum. Hamlet hefur tækifæri til að drepa Kládíus, en velur að gera það ekki. Honum gefst skýrast færi á því í þriðja þætti. Kládíus er þar varnarlaus og einn síns liðs. Hamlet hættir við hefndina sökum þess að Kládíus liggur þá á bæn og prinsinn vill ekki taka þá áhættu að senda hann til himna.<sup>98</sup>

---

<sup>93</sup> Shakespeare, *Hamlet*, II, ii, 242 og 244–245.

<sup>94</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 596–7. Þó er vert að geta þess að þýðingin á fangaverði er ákveðin túlkun á orðinu „δεσπότης“ en það mætti líka þýða sem „húsfreyja“ en þá túlkun má sjá í öðrum þýðingum á *Elektru*.

<sup>95</sup> Sjá Sófókles, *Elektra*, l. 453–454.

<sup>96</sup> Segal, „The *Electra* of Sophocles,“ 491; og Sófókles, *Elektra*, l. 243–244. Í þessu samhengi er áhugavert að skoða tal Hamlets í kirkjugarðinum í fimmta þætti þar sem hugmyndir um rotnun eru líka áberandi.

<sup>97</sup> Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 261–262.

<sup>98</sup> Harvey bendir á svipaða tilhneigingu Hamlets og Elektru að reyna að hafa áhrif á örlög óvina sinna í handanlífinu. Hamlet gerir þetta með því að fresta drápinu á Kládíusi vegna þess að konungurinn liggur á bæn. Betra sé að drepa Kládíus þegar hann er að gera eitthvað siðferðislega rangt. Elektra gerir þetta með því að trufla Klítemnestru þegar sú síðarnefnda færir dreypiförn (Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 263).

Hefnd Órestesar felst ekki aðeins í því að verja heiður föður síns heldur einnig í því að endurheimta þá stöðu sem hann hefur verið sviptur. Hann hefur misst krúnuna í hendur föðurmorðingjans Ægistosar og hefur því efnislegan ávinning af hefndinni. Hann tekur aftur auðæfin, krúnuna og höllina sjálfa með því að steypa Klítemnestru og Ægístosi af stóli. Elektra er á hinn bóginn miklu uppteknari af heiðri Agamemnonns sjálfs. Hún er tengdari föður sínum en nokkur annar í verkinu og finnur fyrir djúpri sorg fyrir þá smán sem hann varð fyrir. Þrátt fyrir að það sé Órestes sem komi á réttlæti innan konungsfjölskyldunnar er það Elektra sem hefur veitt Agamemnoni hvað mesta uppreisn æru með óbilandi hollustu sinni við minningu hans.<sup>99</sup> Á þann hátt svipar Hamlet meira til Elektru en Órestesar, því að það virðist skipta danska prinsinn minna máli að hann hafi verið sviptur krúnu sinni. Áheyrundur fá góða innsýn í það sem angrar hann í verkinu, en það virðist vera föðurmorðið og sífjaspellin sem hvíla hvað þyngst á honum. Hann fer færri orðum um það að hafa misst stöðu sína, hann nefnir ekki að það sé í raun hann sem ætti að vera konungur í stað Kládíusar. Það sem vakir helst fyrir honum er að vilja hefna þeirrar smánar sem föður hans var sýnd frekar en að bæta eigið hlutskipti.

Hamlet nefnir aðeins tvisvar í verkinu að Kládíus hafi haft af honum krúnuna. Það er annars vegar í þriðja þætti þar sem hann segir við Rósinkrans: „Sir, I lack advancement.“<sup>100</sup> Sá minnir prinsinn þá á að hann muni verða konungur á eftir Kládíusi. Hafa verður í huga að í þessari tilteknu senu virðist Hamlet vera að blekkja vini sína, sem hann telur ganga erinda konungshjónanna.<sup>101</sup> Hitt dæmið er í fimmta þætti þar sem Hamlet útlistar syndir Kládíusar fyrir Hóراسi. Hann nefnir fyrst að Kládíus hafi drepið gamla konunginn, þá að hann hafi saurgað móður Hamlets og síðan að Kládíus hafi komið á milli sín og krúnunnar og reynt að drepa Hamlet sjálfan. Það er ef til vill veigamikið að morðið á föðurnum og sífjaspellin séu þar fyrst talin upp, en ekki það að Kládíus hafi haft krúnuna af Hamlet.<sup>102</sup>

---

<sup>99</sup> Segal, „The *Electra* of Sophocles,“ 510.

<sup>100</sup> Shakespeare, *Hamlet*, III, ii, 322.

<sup>101</sup> Hann snýr út úr öllu á þessum stað í verkinu, ásakar þá um að reyna að veiða upp úr sér upplýsingar og fer undan í flæmingi.

<sup>102</sup> Sjá Shakespeare, *Hamlet*, V, ii, 66–68.

### 3.5 Faðir, móðir og barn

Elektra og Hamlet eiga í svipuðu sambandi við myrta feður sína í verkunum og eru í raun með dauða þeirra á heilanum. Þetta er skiljanlegra í *Hamlet* þar sem faðir Hamlets er nýfallinn frá. Í tilviki Elektru eru þó nokkur ár liðin en morð Agamemnonns er svo fast í huga henni að það er líkt og það sé nýskeð.<sup>103</sup> Báðar persónurnar upphefja og dýrka minningu föður síns. Hamlet segir: „I shall not look upon his like again.“<sup>104</sup> Elektra segir við systur sína: „...víst bæri þér að kallast barn hins bezta föður hér á jörð.“<sup>105</sup>

Þau halda minningu þessa glæsta og mikla föður rækilega á lofti og hatast við þá sem gerðu honum illt. Þau sýna líka af sér grimmd við þá fjölskyldumeðlimi sem taka ekki þátt í ofsafenginni sorg þeirra vegna fráfalls hans. Elektra skammar Krísótemisi, systur sína, fyrir að taka ekki nægilega skýra afstöðu gegn móður þeirra og Ægistosi. Þetta svipar til þess hvernig Hamlet fjargviðrast yfir því að móðir hans hafi gleymt föður hans á svona stuttum tíma og ekki syrgt hann nægilega mikið.

Af öllum þeim persónum sem birtast í verkunum tveimur eru Hamlet og Elektra þau sem eru nánust hinum myrta föður. Elektra þráir að hann rísi upp frá dauðum og leggi henni lið gegn fjandmönnum.<sup>106</sup> Þetta á sér að einhverju leyti stað í *Hamlet*, án þess þó að hann biðji um það, en vofa gamla konungsins birtist og segir syni sínum að hefna. Þessi nánu tengsl má ekki merkja á milli Órestesar og Agamemnonns sem var aðeins barnungur þegar faðir hans var myrtur. Elektra og Hamlet eiga því í líkara sambandi við hinn látna föður en Hamlet og Órestes. Að þessu leyti eru karlhetjurnar tvær nokkuð ólíkar, Órestes hefnir föður síns um leið og hann verður fullorðinn, en sem barn hafði hann þann kost einn að flýja. Hamlet tekur hins vegar kvenlegri afstöðu Elektru, að ganga ekki beint til verks og hika.

Elektra og Hamlet eiga það sameiginlegt að hata konungshjónin og þá einkum það kynferðislega samband sem þau eiga í, en í báðum verkunum er því lýst sem sífjaspellum. Kott nefnir að samböndin sem bæði Hamlet og Elektra eiga í við mæður sínar séu einkar lík. Þau neita að taka í sátt móður sem hefur gerst samsek um glæp og svikið föður þeirra.

---

<sup>103</sup> Segal, „The *Electra* of Sophocles,“ 485.

<sup>104</sup> Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 188.

<sup>105</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 365–366.

<sup>106</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 453–455.

Mæður þeirra heimta enn fremur báðar að þau gleymi því sem á undan hefur gengið þegar þær setja út á ofsafengna sorg barna sinna og þau neita að hlýða.<sup>107</sup>

Hjá báðum persónum virðist það að móðirin sængi hjá valdaræningjanum hafa valdið því að þær telja konurnar ekki lengur vera mæður sínar.<sup>108</sup> Elektra segir: „sjálfur morðinginn, í sæng míns föður fylgir henni, sem ég á að kalla móður, frillu sinni siðlausri sem opinberar hórdóm sinn svo hispurslaust.“<sup>109</sup> Og: „Sú kallast móðir mín, þó hæfi sízt það nafn.“<sup>110</sup> Keimlíka afstöðu má merkja í Hamlet: „You are the Queen, your husband’s brother’s wife, /But—would you were not so—you are my mother.“<sup>111</sup> Þau úthrópa bæði mæður sínar fyrir kynferði þeirra. Í báðum verkum verður viðsnúningur í því hefðbundna samspili sem yfirleitt er á milli móður og barns þar sem barnið fer að skamma móðurina fyrir ósæmilega kynhegðun í stað þess að það sé öfugt. En Hamlet segir við Geirþrúði:

O shame, where is thy blush? Rebellious hell,  
If thou canst mutine in a matron’s bones,  
To flaming youth let virtue be as wax  
And melt in her own fire. Proclaim no shame  
When the compulsive ardour gives the charge,  
Since frost itself as actively doth burn,  
And reason panders will.  
[...]  
Nay, but to live  
In the rank sweat of an enseamed bed,  
Stewed in corruption, honeying and making love  
Over the nasty sty—<sup>112</sup>

---

<sup>107</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 254.

<sup>108</sup> Í tilviki Elektru er ástæðan sennilega einnig sú að móðir hennar var virkur þátttakandi í föðurmorðinu. Kott telur að Elektra álíti Klítemnestru ekki lengur vera móður sína vegna þess að hún samsami sig svo gjörsamlega föður sínum. Honum finnst Hamlet endurtaka orð hennar í línunum 596–597 í III, iv, 16–17 (Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 255–256).

<sup>109</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 270–273.

<sup>110</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 1194.

<sup>111</sup> Shakespeare, *Hamlet*, III, iv, 16–17.

<sup>112</sup> Shakespeare, *Hamlet*, III, iv, 74–80, 83–86. Harvey bendir á að þetta brot (III, iv, 83–86) úr *Hamlet* líkist línunum 270–273 í *Elektru* Sófóklesar (Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,“ 262).

Elektra fordæmir kynhegðun móður sinnar á svipaðan hátt:

Hvernig leyfist þér  
að lifa í smán sem beðnautur þess úrþvættis  
sem ásamt þér hafði' orðið bani föður míns...<sup>113</sup>

Harvey bendir á að í bæði *Hamlet* og *Elektru* komi fram hvað kóngsbörnin (Hamlet, Órestes og Elektra) eru óvægin gagnvart konungshjónunum. Bæði Sófókles og Shakespeare virðast hafa áhuga á sjálfselskunni sem birtist í þeirri gremju og vanþóknun sem persónurnar sýna. Áhersla er lögð á að sýna Klítemnestru, Ægistos, Kládíus og Geirþrúði sem sterkari, djarfari, mennskari og færari manneskjur en aðalpersónur verkanna álíta, þrátt fyrir að þau séu einnig svikulir morðingjar.<sup>114</sup> Þetta er enn skýrara í *Hamlet* en *Elektru* Sófóklesar. Í síðarnefnda verkinu er Klítemnestra vond og grimm við Elektru en í *Hamlet* reyna Geirþrúður og Kládíus að sýna Hamlet gæsku. Konungshjónin tala hlýlega til Hamlets og sýna honum ástúð og virðingu.<sup>115</sup> Það er þó óvíst að þessi hlýleiki sé einlægur hvað Kládíus varðar.

Hamlet og Elektra sýna mæðrum sínum fjandsamlega og ókurteisa hegðun. Hjá þeim báðum jaðrar hún við ýgi,<sup>116</sup> því að báðar persónurnar láta í ljós ósk um að valda mæðrum sínum skaða. Elektra fhugar alvarlega að ráða móður sína af dögum. Hamlet virðist þurfa að hafa sig allan við að gera það ekki og sýnir ofbeldisfulla hegðun gagnvart

---

<sup>113</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 584–586.

<sup>114</sup> Harvey, „A Note on Shakespeare and Sophocles,” 263. Hér er Geirþrúður undanskilin, en fátt gefur til kynna að hún hafi haft nokkuð með morðið á Hamlet eldri að gera í *Hamlet*. Hún svikur þó tryggð við mann sinn sem virðist vera enn verri glæpur í augum sonar hennar en sá sem Kládíus framdi. Auk þess er vert að merkja að ástæður Klítemnestru fyrir morðinu á Agamemnoni eru nokkuð sanngjarnar, en hann hafði drepit dóttur þeirra, Ífigeníu. Hún á því um sárt að binda og drepur hann í hefndarskyni. Þó má merkja nokkra hræsni í persónu Klítemnestru, en henni virðist nokkuð sama um önnur börn sín, einkum Elektru, sem fara mjög illa út úr aðstæðunum.

<sup>115</sup> Kládíus segir í upphafi verksins: „And with no less nobility of love /Than that which dearest father bears his son /Do I impart towards you. [...] And we beseech you to bend you to remain /Here in the cheer and comfort of our eye, /Our chiefest courtier, cousin, and our son“ (Shakespeare, *Hamlet*, I, ii, 110–112, 115–117). Konungshjónin reyna síðar í verkinu að komast að því hvað það sé sem hrjái soninn, að því er virðist til að geta hjálpað honum að taka gleði sína á ný (II, ii, 1–18). Margt bendir til einlegrar ástar drottningar á syni sínum. Geirþrúður ávarpar hann iðulega sem „dear Hamlet“ eða „good Hamlet.“ Þegar þau horfa á leikverkið sem sett er upp í þriðja þætti segir hún: „Come hither, my good Hamlet, sit by me“ (III, ii, 101). Jafnvel þegar Hamlet úthúðar henni í vistarverum hennar síðar í sama þætti þá kallar hún hann „sweet Hamlet“ (III, iv, 88). Drottningin reynir einnig að þerra andlit sonar síns þegar hann á í einvígi við Laertes í fimmta þætti verksins og drekkur honum til heilla (V, ii, 239–241 og 246).

<sup>116</sup> Ýgi (e. *aggression*) eða árásarhneigð er skilgreind sem öll sú hegðun sem ætluð er að valda öðrum skaða. Tilurð ýgi felst í flóknu samspili erfða, líffræðilegra merkja og umhverfis (sjá t.d. Holt et al., *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*, 693).



Geirþrúði. Í verkinu virðist ýjað að því að hann gæti drepð hana en vofan nefnir sérstaklega við hann að hann skuli hlífa móður sinni. Hamlet þarf síðan að minna sig á þessi boð vofunnar áður en hann heldur á fund móður sinnar í þriðja þætti verksins. Hamlet segir: „Now could I drink hot blood, And do such bitter business as the day /Would quake to look on. Soft, now to my mother. /O heart, lose not thy nature. Let not ever /The soul of Nero enter this firm bosom. /Let me be cruel, not unnatural. /I will speak daggers to her, but use none.“<sup>117</sup> Hamlet segist geta drukkið blóð áður en hann heldur til móður sinnar. Þetta minnir á orð Klítemnestru um Elektru, en hún segir um dóttur sína: „sú höggormskind sem sífellt nálæg saug mitt blóð...“.<sup>118</sup>

Bæði Geirþrúður og Klítemnestra óttast börn sín og ekki að ástæðulausu. Þetta má glögg sjá í orðum þeirra en drottningin segir við Hamlet: „What wilt thou do? Thou wilt not murder me?“<sup>119</sup> Klítemnestra lætur í ljós svipaða afstöðu gagnvart Elektru: „Hvað ætti ég að hugsa um hana, sem svo frek í orði móðgar móður sína, komin þó á hennar aldur? Er hún ekki vísust til að fremja hvaða smánar-verk sem vera skal?“<sup>120</sup> Hvorugt þeirra drepur á endanum móður sína en Elektra hvetur þó Órestes til þess að gera það og Hamlet beinir morðæðinu í sömu senu frá upprunalegu viðfangi sínu, móðurinni, yfir á Pólóníus sem hann telur vera kónginn Kládíus.<sup>121</sup>

Athyglisvert er að Hamlet virðist hatast meira út í móður sína en Kládíus í verkinu. Hann sýnir henni meiri grimmd og er uppteknari af glæpum hennar.<sup>122</sup> Þó er ekkert sem bendir til þess að hún sé sek um morð föður hans, en sekt Kládíusar er greinileg. Fræðimenn hafa velt þessu fyrir sér lengi. Sumir telja að hann sé upptekinn af því að bjarga móður sinni og sé að reyna að fá hana til að sjá að sér. Hann þrái að hreinsa hana af þeim syndum og saurlífi sem Kládíus er fulltrúi fyrir innan hirðarinnar.<sup>123</sup> Þetta útskýrir þó ekki nægilega vel af hverju Hamlet þarf að stilla sig um að drepa móður sína. Gæti

---

<sup>117</sup> Shakespeare, *Hamlet*, III, ii, 373–379.

<sup>118</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 785–786.

<sup>119</sup> Shakespeare, *Hamlet*, III, iv, 22.

<sup>120</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 612–615.

<sup>121</sup> Schleiner, „Latinized Greek Drama in Shakespeare’s Writing of *Hamlet*,“ 37. „Hamlet’s matricidal urge is deflected into the gut of [Polonius].“

<sup>122</sup> Hann virðist meira að segja ásaka hana um að vera samsek að morðinu á konunginum, en hann segir við hana um morðið á Pólóníusi: „A bloody deed! almost as bad, good mother, /As kill a king, and marry with his brother“ (Shakespeare, *Hamlet*, III, iv. 29–30).

<sup>123</sup> T.d. Lidz, *Hamlet’s Enemy: Madness and Myth in Hamlet*, 57–58. Þetta má merkja á orðum Hamlets í senunni í vistarverum drottningar. Það grátbiður Hamlet Geirþrúði að sjá að sér og viðurkenna syndir sínar. Hann gerir það þó á mjög grófan og grimmdarlegan hátt. Sjá Shakespeare, *Hamlet*, III, iv, 41–87.

samanburður við Elektru ef til vill varpað öðru ljósi á þessa ýgi Hamlets í garð móður sinnar?

Hatur Elektru beinist skiljanlega fyrst og fremst gegn Klítemnestru. Þetta er að sjálfsögðu vegna þess að í forngrísku hefðinni er það hún sem tekur virkan þátt í því að drepa Agamemnon. Séu textatengsl á milli forngrísku harmleikjanna og *Hamlets* gæti þetta hatur aðalpersónunnar í garð Geirþrúðar verið tilkomið fyrir áhrif haturs Elektru í garð Klítemnestru. Órestes og Elektra vilja bæði drepa móður sína og hafa þar góðar ástæður. Hamlet hefur ekki sömu forsendur og systkinin en virðist þó vilja ganga af Geirþrúði dauðri. Hatur Hamlets og Elektru í garð mæðra sinna er mjög líkt, þó eru syndir Klítemnestru langtum meiri. Það eina sem Geirþrúður hefur unnið sér til saka er að syrgja eiginmann sinn heitinn ekki nægilega lengi og að giftast bróður hans. Enn fremur verður hatur Hamlets á henni enn öfgakenndara í ljósi þess að Geirþrúður sýnir honum ekkert annað en umhyggju og ást í verkinu. Væri Shakespeare að byggja *Hamlet* á forngrísku harmleikjunum og aðalpersónu sína á Órestesi og Elektru væri þessi afstaða söguhetjunnar gagnvart móður sinni skiljanlegri. Í sálarlífi Hamlets eimir eftir af morðóðu systkinunum, sem hann er ef til vill byggður á.

### 3.6 Vægi hiksins í harmleikjunum

Lengi hafa menn reynt að átta sig á því af hverju Hamlet hiki við að hefna. Þrátt fyrir að það liggi fyrir snemma í verkinu að Hamlet eigi að drepa Kládíus fær hann sig ekki til þess fyrr en í blálokin. Hvað veldur? Kott bendir á að það sé persóna Elektru sem búi til það hik sem nauðsynlegt er fyrir tragedíurnar um Órestes: „The dramatic action of all tragedies requires a postponement of the moment of killing; the introduction of the character of Electra creates the necessary suspense.“<sup>124</sup> Dramatíska uppbyggingin í *Hamlet* er að grískum sið, byggð á hugmyndinni um hindrun. Samkvæmt klassískum túlkunum veltur spennan í verkinu á hiki Hamlets, hann sé of veikburða til að halda atburðarásinni uppi. Þessi túlkun er ekki nægilega góð að mati Kotts. Hann telur að hik Hamlets sé ekki vegna persónuleika hans heldur vegna aðstæðna hans. Þessar aðstæður

---

<sup>124</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 253.

eru þær sömu og hjá Elektru í fyrstu fjórum þáttum verksins, en það er ekki fyrr en í fimmta þætti sem hann tekur á sig hlutverk Órestesar og framkvæmir hefndina.<sup>125</sup>

Hafi Shakespeare tekið meðvitaða ákvörðun um að byggja persónu Hamlets á Elektru gæti það varpað frekara ljósi á ástæður þess að hann frestar hefndinni. Hann er ekki enn tilbúinn að verða að Órestesi og er fastur í aðstæðum Elektru.<sup>126</sup> Í raun mætti halda því fram að sá kvenleiki sem merkja má í bæði Hamlet og Elektru sé ástæða þeirra fyrir því að hika við að hefna. Órestes á ekki við sama vandamál að stríða, en hann hagar sér eins og fullveðja karlmaður strax í upphafi verksins og gengur tafarlaust til verks.

Að Hamlet sé látinn hafa hlutverk Elektru í fyrstu fjórum þáttunum er ef til vill það sem gerir *Hamlet* að töluvert meiri harmleik en forngrísku frásagnirnar sem enda nokkuð farsællega fyrir Órestes og Elektru. Frestun hefndarinnar í *Hamlet* veldur því að nánast allar persónur verksins farast, ólíkt því sem gerist í *Elektru Sófóklesar*. En eins og nefnt hefur verið segir þar: „...öllum yrði bezt að illvirkjarnir hlytu skjótan dauðadóm; þá veit ég yrðu framin færri níðingsverk.“<sup>127</sup> Hamlet hegðar sér of lengi eins og Elektra sem veldur því að allt fer í bál og brand. Það er ekki fyrr en Hamlet hefur verið sendur burt og kemur aftur sem honum tekst að taka á sig hlutverk Órestesar í fimmta þætti verksins. Hefði þetta gerst fyrr, t.d. áður en hann fann Kládíus á bæn í þriðja þætti verksins, hefði niðurstaða verksins orðið allt önnur. Greinilegt er þó að hefði Hamlet hagað sér eins og Órestes strax frá upphafi hefði leikrit Shakespeares sennilega ekki orðið eins margbrotið meistaraverk og það er.

### 3.7 Samantekt og ályktanir

Ljóst er að Hamlet og Elektra eru áþekkar persónur sem staddar eru í svipuðum aðstæðum. Þau hafa misst feður sína og þurfa að búa með morðingjum þeirra. Viðbrögð beggja við hlutskipti sínu eru lík, þau þróa að hefna feðra sinna en eru jafnframt upptekin af hugmyndinni um að láta lífið sjálf. Þau neita að taka í sátt heim þar sem siðferðislögmál hafa verið brotin, þar sem ekki er refsað fyrir morð og sífjaspell. Þau sýna af sér

---

<sup>125</sup> Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 253–254. Áhugavert er að Hamlet kemur heim úr útlegð í fimmta þætti, alveg eins og Órestes, en þá hefst hin raunverulega atburðarás hefndarinnar (Kott, „Orestes, Electra, Hamlet,“ 249).

<sup>126</sup> Paduano bendir á að hlutverk Órestesar sé að framkvæma hefndina, refsa hinum seku og koma á jafnvægi. Í hlut Elektru falli að sýna þá angist sem skortur á ást og siðferðislegum gildum hefur í för með sér. Þessi hlutverk komi síðan saman í persónu Hamlets (Paduano, „Electras and Hamlet,“ 42).

<sup>127</sup> Sófókles, *Elektra*, l. 1505–1507.

yfirdrífari sorg en aðrir í kringum þau og eru bitur og reið út í fólkið sem stendur þeim næst. Þau halda einræður sem eru um margt líkar í viðfangsefni og afstöðu. Þau upplifa sig sem fanga í fangelsi og eru upptekin óhugnanlegum hugsunum og ógeði.

Bæði Hamlet og Elektra eru með dauða fedra sinna á heilanum og hafa helgað sig því að halda uppi minningu þeirra. Þau hatast út í mæður sínar fyrir að sýna ekki af sér rétta hegðun, líta vart á þær sem mæður sínar og eru bæði fjandsamleg og árásargjörn í garð þeirra. Aðstæður og afstaða Elektru og Hamlets eru í raun svo lík að velta mætti fyrir sér hvort að Shakespeare hafi byggt persónu Hamlets á Elektru. Þetta gæti þá útskýrt ýgi danska prinsins í garð móður sinnar betur, en þrátt fyrir að Geirþrúður sé mjög ólík Klítemnestru er afstaða Elektru til staðar í Hamlet. Það að Hamlet sé í hlutverki Elektru mestallt verkið gæti líka varpað ljósi á það hvers vegna hann gengur ekki til hefnda strax, en Elektra er einnig ófær um að framkvæma hefndina. Þau eru bæði kvenleg og tilfinningasöm í afstöðu sinni í stað þess að sýna áræðni hins karlmannlegri Órestesar sem lætur til skarar skríða um leið og hann vex úr grasi.

## 4. Lokaorð

Í ritgerðinni hefur verið greint frá því hvernig forngrísku harmleikirnir um systkinin Órestes og Elektru kallast á við *Hamlet* Shakespeares; þær fjölmörgu hliðstæður sem sjá má milli verkanna hafa verið fræðimönnum hugleiknar lengi. Umræðan hefur einna helst snúist um að bera saman aðalsöguhetjurnar Órestes og Hamlet, auk þess að einblína meira á skrif Æskýlosar og Evripídesar frekar en Sófóklesar. Hér hefur verið reynt að sýna fram á að Hamlet er ekki síður líkur Elektru en Órestesi, einkum í útfærslu Sófóklesar á sögunni. Þetta hefur ekki verið rannsakað mjög ítarlega í tímans rás, en í þessari ritgerð hefur tilraun verið gerð til að brjóta þetta rækilegar til mergjar en gert hefur verið.

*Elektra* Sófóklesar og *Hamlet* Shakespeares hverfast um sömu aðstæður og hugmyndir. Elektra og Hamlet eru persónur sem verða fyrir sama áfalli, bregðast við hlutskipti sínu á svipaðan hátt og beita orðfæri sem virðist kallast á. Þau mæta keimlíku viðmóti frá þeim sem standa þeim nærri, en nánast enginn skilur þau. Þau halda bæði einkennandi einræður og hugðarefni þeirra og afstaða er nánast eins. Í raun er Hamlet merkilega kvenlegur en hann hegðar sér að mörgu leyti eins og forngrísk kvenhetja, sem er flokkur sem Elektra fellur greinilega í. Hamlet gengur inn í sögufléttu *Elektru* Sófóklesar og auðgar hana, en togstreita hans er enn meiri sökum þess að það fellur tvímælalaust í hans hlut að þurfa að hefna.

Í greiningu ritgerðarinnar hefur sjónum einkum verið beint að líkindunum sem merkja má milli Elektru og Hamlets. Hliðstæðurnar á milli karlhetjanna tveggja eru þó ekki síður veigamiklar, líkt og greint var frá í kaflanum um stöðu fræðanna, en segja má að í danska prinsinum blandist forngrísku kóngsbörnin saman í eina persónu. Hamlet sé því bæði hin yfirbugaða, valdalaus dóttir og hinn réttvísi, hefningjarni sonur. Hann færir úr hlutverki Elektru yfir í hlutverk Órestesar eftir því sem líður á verkið.

Hliðstæðurnar milli *Hamlets* og forngrísku verkanna eru slíkar að hæglega má ætla að Shakespeare hafi orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum frá þeim. Þær eru svo margar og veigamiklar að erfitt er að útskýra þær sem einskæra tilviljun. Hafi enska skáldið sótt innblástur sinn að persónu Hamlets í systkinin Órestes og Elektru varpar það enn frekara ljósi á þessa frægustu harmleikjahetju vestrænna bókmennta. Þessi samanburður varpar jafnvel nýju ljósi á reiði Hamlets gagnvart móður sinni sem og á hik hans við að leita hefnda. Áhrif frá systkinunum tveimur geta skýrt hvers vegna hann tekur á sig kvenlegt og passíft hlutverk í byrjun en eykst svo áráði eftir því sem líður á.

Ekki er hægt að segja til um með hvaða hætti Shakespeare kann að hafa öðlast þessa þekkingu á gríska efninu, en vitað er að forngrísku tragedíurnar voru mönnum ekki óþekktar á tímum skáldsins. Ekki verður gengið svo langt að ætla að Shakespeare hafi haft fyrir framan sig eintak af verkum Sófóklesar eða Æskýlosar við ritun *Hamlets*. En í ljósi þeirra líkinda og hliðstæðna sem greint hefur verið frá í ritgerðinni má vel ætla að einhver þekking og áhrif hafi seytilað þarna á milli. Samanburðurinn bendir til annaðhvort ótrúlegrar tilviljunar eða einhvers konar textatengsla.

Þessi fræga hefndarsaga hefur lifað geysilega löngu og farsælu lífi í hugum manna. Vinsældir hennar ná frá frá 5. öld f. Kr. til dagsins í dag, eða hartnær 2500 ár. Frásögnin af hinu hefnigjarna og syrgjandi afkvæmi virðist tala til einhvers sammannlegs í fólki og tekst að öðlast hljómgrunn óháð því hvar og hvenær hún skýtur upp kollinum. Sagan er tímalaus jafnt sem ævafornt leikverk og nýleg teiknimynd. Ekki er erfitt að skilja af hverju mestu harmleikjaskáld sem okkur eru kunn völdu sér þetta viðfangsefni, en áhrif þess og umsvif eru viðvarandi og halda áfram að heilla áhorfendur enn þann dag í dag.

## Heimildaskrá

- Anderson, Florence Bennett. „The Insanity of the Hero – An Intrinsic Detail of the Orestes Vendetta.“ *Transactions and Proceedings of the American Philological Association* 58, (1927): 43–62.
- Evripídes. „Órestes.“ Í *Grískir harmleikir, Æskýlos, Sófókles, Evripídes*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Reykjavík: Mál og menning, 1990.
- Hard, Robin. *The Routledge Handbook of Greek Mythology*. London: Routledge, 2004.
- Harvey, John. „A Note on Shakespeare and Sophocles.“ *Essays in Criticism* 26, nr. 3 (1977): 259–270.
- Hibbard, G.R. Inngangur að *Hamlet*, eftir William Shakespeare, 1–66. Ritstýrt af G.R. Hibbard. Oxford: Oxford University Press, 1987.
- Holt, Nigel et al. *Psychology: The Science of Mind and Behaviour*. 4. útgáfa. London: McGraw Hill, 2019.
- Hunt, Marvin W. *Looking for Hamlet*. New York: Palgrave Macmillan, 2007.
- Kitto, H.D.F. *Form and Meaning in Drama: A Study of Six Greek Plays and of Hamlet*. London: Methuen & CO LTD, 2. útgáfa 1964.
- Kott, Jan. „Orestes, Electra, Hamlet.“ Í *The Eating of the Gods: An Interpretation of Greek Tragedy*, 240–267. Evanston: Northwestern University Press, 1987.
- Lidz, Theodore. *Hamlet's Enemy: Madness and Myth in Hamlet*. Madison CT: International Universities Press, 1990.
- Moss, Leonard. „The Critique of the Female Stereotype in Greek Tragedy.“ *Soundings: An Interdisciplinary Journal* 71 nr. 4 (1988): 515–532.
- Mueller, Martin. „Hamlet and the World of Ancient Tragedy.“ *Arion: A Journal of Humanities and the Classics* 5, nr. 1 (1997): 22–45.
- Murray, Gilbert. *The Classical Tradition in Poetry*. Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 1927.
- Paduano, Guido. „Electras and Hamlet.“ Í *Myths of Europe*, 35–50. Amsterdam: Rodopi, 2007.
- Schleiner, Louise. „Latinized Greek Drama in Shakespeare's Writing of *Hamlet*.“ *Shakespeare Quarterly* 41, nr. 1 (1990): 29–48.

- Segal, Charles Paul. „The *Electra* of Sophocles.“ *Transactions and Proceedings of the American Philological Association* 97 (1966): 473–545.
- Shakespeare, William. *Hamlet*. Útg. G.R. Hibbard. Oxford: Oxford University Press, 1987.
- Showerman, Earl. „Orestes and Hamlet: From Myth to Masterpiece.“ *The Oxfordian* 7, (2004): 89–114.
- Showerman, Earl. „The Rediscovery of Shakespeare’s Greater Greek.“ *The Oxfordian* 17, (2015): 163–191.
- Sófókles. „Elektra.“ Í *Grískir harmleikir, Æskýlos, Sófókles, Evripídes*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Reykjavík: Mál og menning, 1990.
- Stagman, Myron. *Shakespeare’s Greek Drama Secret*. Newcastle: Cambridge Scholars Publishing, 2010.
- States, Bert. „The Persistence of the Archetype.“ *Critical Inquiry* 7, nr. 2 (1980): 333–344.
- Thompson, Ann. „Asta Nielsen and the Mystery of *Hamlet*.“ Í *Shakespeare the Movie: Popularizing the Plays on Film, TV, and Video*, 215–224. London: Routledge, 1997.
- Werth, Andrew. „Shakespeare’s „Lesse Greek.““ *The Oxfordian* 5, (2002): 11–29.